

KIRKJA JESÚ KRISTS HINNA SÍÐARI DAGA HEILÖGU • APRÍL 2015

Líahóna



**Að skilja helga fórn
frelsarans, bls. 34**

**Afhverju veikleiki
er ekki synd, bls. 20**

**Hvernig hafa á árangursrík
fjölskyldukvöld, bls. 10, 80**



„Nú á einhver yðar hundrað sauði og týnir einum þeirra. Skilur hann ekki þá níutíu og níu eftir í óbyggðinni og fer eftir þeim, sem týndur er, þar til hann finnur hann? Og glaður leggur hann sauðinn á herðar sér, er hann finnur hann.“

Lúk 15:4–5



MÁNADARLEGUR BOÐSKAPUR

- 4** **Boðskapur Æðsta forsætisráðs-
ins: Monson forseti kallar
eftir hugrekki**
Thomas S. Monson forseti
- 7** **Boðskapur heimsóknarkennara:
Eiginleikar Jesú Krists – falslaus
og án hræsni**

Á KÁPUSÍÐU

Framanverð forsíða: *Vegurinn til Emmaus*,
eftir Liz Lemon Swindle, óheimilt að afrita.
Innanverð forsíða: Ljósmynd eftir Jim Jeffrey.
Innanverð baksíða: Ljósmynd af teikningu
eftir Cody Bell.

GREINAR


- 14** **Hin andlegu áhrif kvenna**
Starla Awerkamp Butler
*Áhrif þín sem kona ná lengra
en augað fær séð.*
- 20** **Veikleiki er ekki synd**
Wendy Ulrich
*Lærið að greina á milli syndar
og veikleika og hvernig veikleiki
getur orðið að styrkleika.*
- 26** **Sönn trúarbrögð**
Öldungur W. Christopher Waddell
*Lesið um þessi þrjú skref til
óeigingjarnar þjónustu.*
- 30** **„Ver hjá mér hverja stund“**
Jonathan H. Westover
*Sálmasöngur gerði gæfumuninn
fyrir þessa kóresku fjölskyldu og
trúarnema.*
- 34** **Hin óeigingjarna og helga
förn frelsarans**
Boyd K. Packer forseti
*Friðþæging frelsarans gerir okkur
kleift að greiða niður okkar and-
lega yfirdrátt syndar og sektar.*

80 Fjölskyldukvöld í 100 ár

*Árið 1915 buðu Joseph F. Smith
forseti og ráðgjafar hans með-
limum að innleiða fjölskyldukvöld
og útskýrðu framsetningu, tilgang
og blessanir þess.*

ÞÆTTIR

- 8** **Við tölum um Krist:
Máttur trúar**
Amber Barlow Dahl
- 10** **Heimili okkar, fjölskyldur okkar:
Fjölskyldukvöld – þið getið
gert það!**
- 12** **Sígildar trúarsögur:
Hann er upprisinn**
David O. McKay forseti
- 40** **Frá Síðari daga heilögum**



44

44 Sækið fram í trú

Öldungur Anthony D. Perkins
Lærið af Nefi um það hvernig
taka á mikilvægar ákvarðanir.



Reyndu að
finna mynd af
Líahóna falda
í þessu blaði.
Vísbending:
Hvar er hægt
að kveikja
á kerti?



54

49 Veggspjald: Leitið hans

50 Áhrif Josephs

Ted Barnes
Það eru minnst sex þættir sem
hafa áhrif á líf ykkar sökum
spámannsins Josephs Smith.

53 Hinn lifandi spámaður

Ezra Taft Benson forseti
Adam? Nefi? Móse? Þið gætuð orðið
hissa þegar þið komist að því hver
er mikilvægasti spámaðurinn?

**54 Frelsarinn sem fyrirmynd
að hlýðni**

Nú atriði um það hvernig Jesús
Kristur vísar veginn fyrir okkur.

58 Síðurnar okkar

60 Hvernig hljóta má visku

Öldungur Neil L. Andersen
Hvernig er víska heimsins
öðruvísi en víska Guðs?

61 Kjarni málsins

62 Ein hjörð og einn hirðir

Það færir okkur nær frelsaranum
að skilja betur verksvið hirðisins.

64 Spurningar og svör

Hvernig getur mér líðið nægilega
vel með að ræða við biskupinn
minn um það sem veldur mér
hugarangri?



75

66 Hver er hetjan þín?

Charlotte Mae Sheppard
Ellie var smeyk við að segja náms-
bekk sínum frá hetjunni sinni.

68 Bænir og dómkirkjur

McKelle George
Þegar Dani heimsótti dómkirkju
í Englandi, lærði hún nokkuð
mikilvægt um bænina.

**70 Sérstakt vitni: Afhverju er
svona mikilvægt að hlýða?**

Öldungur Russell M. Nelson

71 Góð hugmynd

**72 Ritningarlestur: Jesús læknar
líkþráa mann**

Erin Sanderson

**74 Persónumyndir ritninganna:
Jesús læknar sjúka**

75 Hinn rétti vegur

Öldungur Claudio D. Zivic
Það skiptir öllu að vera á
hinum rétta vegi.

**76 Fyrir yngri börnin: Ég veit
að Jesús mig elskar**

Jane McBride Choate

Útgáfa alþjóðatimarits Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu

Æðsta forsætisráðið: Thomas S. Monson, Henry B. Eyring, Dieter F. Uchtdorf

Sveit postulanna tólf: Boyd K. Packer, L. Tom Perry, Russell M. Nelson, Dallin H. Oaks, M. Russell Ballard, Richard G. Scott, Robert D. Hales, Jeffrey R. Holland, David A. Bednar, Quentin L. Cook, D. Todd Christofferson, Neil L. Andersen

Ritstjóri: Craig A. Cardon

Leiðbeinendur: Mervyn B. Arnold, Christoffel Golden, Larry R. Lawrence, James B. Martin, Joseph W. Sitati

Framkvæmdastjóri: David T. Warner

Yfirmaður fjölskyldu- og meðlimastuðnings:

Vincent A. Vaughn

Yfirmaður Kirkjutimarita: Allan R. Loyborg

Vöðskiptastjóri: Garff Cannon

Aðalritstjóri: R. Val Johnson

Aðstoðarritstjórn: Ryan Carr

Aðstoðarmaður við útgáfu: Lisa Carolina López

Ritverk og ritstjórn: Brittany Beattie, David Dickson, David A. Edwards, Matthew D. Flitton, Lori Fuller, Garry H. Garff, LaRene Porter Gaunt, Mindy Anne Leavitt, Michael R. Morris, Sally Johnson Odekerk, Joshua J. Perkey, Jan Pinborough, Richard M. Romney, Paul VanDenBerghe, Marissa Widdison

Framkvæmdastjóri listhönnunar: J. Scott Knudsen

Yfirlisthönnuður: Tadd R. Peterson

Hönnun: Jeanette Andrews, Fay P. Andrus, Mandie M. Bentley, C. Kimball Bott, Thomas Child, Nate Gines, Colleen Hinckley, Eric P. Johnson, Susan Logfren, Scott M. Mooy, Mark W. Robison, Brad Teare, K. Nicole Walkenhorst

Hugverkasamræming: Collette Nebeker Aune

Framleiðslustjóri: Jane Ann Peters

Framleiðsla: Connie Bowthorpe Bridge, Julie Burdett, Katie Duncan, Bryan W. Gygi, Denise Kirby, Ginny J. Nilson, Gayle Tate Rafferty

Prentsmið: Jeff L. Martin

Framkvæmdastjóri prentsviðs: Craig K. Sedgwick

Dreifingarstjóri: Stephen R. Christiansen

Farið á store.lds.org eða hafið samband við Dreifingarstöð kirkjunnar á ykkar svæði eða leiðtoga deildar ykkar eða greinar varðandi áskrift og áskriftargjöld utan Bandaríkjanna og Kanada.

Sendið handrit og fyrirsurnir á netinu á liahona.lds.org; með tölvupósti á liahona@ldschurch.org; eða með hefðbundnum pósti til *Liahona*, Rm. 2420, 50 E. North Temple St., Salt Lake City, UT 84150-0024, USA.

Timaritið *Liahona* (hugtak í Mormónsbók sem táknar „áttavita“ eða „leiðarvísi“) er gefið út á albönsku, armensku, bislamamáli, búlgörsku, cebuano, dönsku, hollensku, eistlensku, fíjímáli, finnsku, frönsku, grísku, haitímáli, hindú, hollensku, íslensku, indónesísku, ítölsku, japönsku, kambódísku, kiribati, kínversku, kínversku (einfaldað), kóreönsku, króatísku, lettensku, litháensku, malagísku, marshallesemáli, mongólísku, norsku, pólsku, portúgölsku, rúmönsku, rússnesku, samóamáli, slóvensku, spænsku, svahílmáli, sænsku, tagalogmáli, tahítímáli, tékknesku, thaimáli, tongamáli, úkraínsku, ungversku, úrdumáli, vietnömsku og þýsku. (Fjöldi útgefina blaða er mismunandi eftir löndum).

© 2015 Intellectual Reserve, Inc. Allur réttur áskilinn. Printed in the United States of America.

Heimilt er að afrita texta og myndefni í *Liahona* til nota heima eða í kirkju, en ekki í hagnaðarskyni.

Óheimilt er að afrita myndefni, sé þess getið í höfundarreit verksins. Senda ætti spurningar um höfundarrétt til Intellectual Property Office, 50 E. North Temple St., Salt Lake City, UT 84150, USA; netfang: cor-intellectualproperty@ldschurch.org.

For Readers in the United States and Canada: April 2015 Vol. 29 No. 1. LIAHONA (USPS 311-480) Icelandic (ISSN 1522-9211) is published once a year (April) by The Church of Jesus Christ of Latter-day Saints, 50 E. North Temple St., Salt Lake City, UT 84150. USA subscription price is \$1.00 per year; Canada, \$1.20 plus applicable taxes. Periodicals Postage Paid at Salt Lake City, Utah. Sixty days' notice required for change of address. Include address label from a recent issue; old and new address must be included. Send USA and Canadian subscriptions to Salt Lake Distribution Center at address below. Subscription help line: 1-800-537-5971. Credit card orders (American Express, Discover, MasterCard, Visa) may be taken by phone or at store.lds.org. (Canada Post Information: Publication Agreement #40017431)

POSTMASTER: Send address changes to Salt Lake Distribution Center, Church Magazines, P.O. Box 26368, Salt Lake City, UT 84126-0368.

Hugmyndir að fjölskyldukvöldi

Í tímariti þessu eru greinar og athafnir sem hægt væri að nota á fjölskyldukvöldi. Hér á eftir eru tvö dæmi.



„Ver hjá mér hverja stund,“ bls. 30: Sálmar geta haft mikil áhrif á líf okkar, eins og sannaðist í tilviki Pak Mi-Jung, er texti sálsins „Ver hjá mér hverja stund“ auðveldaði henni að ákveða að láta skirast. Rifjið upp hvernig sálmatextar hafa blessað líf ykkar og hugleiðið að segja fjölskyldu ykkar frá því. Biðjið hvern í fjölskyldunni að velja sér eftirlætis sálm og segja frá því hvernig hann hefur blessað líf þeirra. Syngið síðan sálmanna með fjölskyldu ykkar. (Þið getið deilt þessu niður á tvær vikur.)

„Bænir og dómkirkjur,“ bls. 68: Eftir að þið hafið lesið þessa sögu, sýnið þá myndir af eða vísið til hinna ymsu kirkna í borg ykkar og íhugið og ræðið þessar spurningar með fjölskyldu ykkar: Hvað eigum við sameiginlegt með öðrum trúarbrögðum? Hverjar eru tilfinningar himnesks föður til allra barna sinna? Hvernig eigum við að koma fram við þá sem eru annarrar trúar? Hugleiðið að nota greinina „Balancing Truth and Tolerance,“ eftir öldung Dallin H. Oaks í Tólfpostulasveitinni (*Liahona*, feb. 2013, 28–35), til að hjálpa ykkur að svara spurningunum.

Á ÞÍNU TUNGUMÁLI

Liahona og meira kirkjuefni er aðgengilegt á mörgum tungumálum á languages.lds.org.

EFNI BLAÐSINS

Númer vísa til fyrstu blaðsíðu greinar.

Ákvarðanir, 44, 60, 75

Boðorð, 70, 75

Bæn, 68

Dauði, 30, 41

Endurreisnin, 50

Fasta, 30

Fjölskyldan, 10, 50

Fjölskyldukvöld, 10, 80

Fordæmi, 14, 66

Friðþægingin, 20, 34, 49

Fyrirgefning, 20, 34

Guðlegt eðli, 58

Heilagur andi, 30, 41, 42, 43, 44, 50, 58

Hlýðni, 44, 54, 58

Hugrekki, 4

Iðrun, 34, 64

Jesús Kristur, 7, 8, 12, 20, 26, 34, 49, 54, 62, 66, 72, 74, 76

Joseph Smith, 12, 50

Kirkjuleiðtogar, 53, 64

Klám, 34

Konur, 14

Kærleikur, 76

Lækning, 8, 72, 74

Musterisstarf, 30, 43

Nýja testamentið, 54, 62, 72, 74

Prestdæmi, 50

Satan, 34, 61

Sektarkennd, 20, 34

Sjálfærði, 4, 20, 44

Sorg, 30, 41

Spámenn, 53

Synd, 20, 34

Tónlist, 30, 40

Trú, 8, 20, 44

Trúarumbreyting, 30

Trúboðsstarf, 30, 40

Upprifa, 12, 49

Þjónusta, 26, 42



Thomas S. Monson
forseti

Monson forseti kallar eftir


HUGREKKI

Varla líður klukkustund, sagði Thomas S. Monson forseti, án þess að við þurfum að velja á einhvern hátt.

Hann sagði að við þyrftum hugrekki til að taka réttar ákvarðanir – „hugrekki til að segja nei, hugrekki til að segja já. Ákvarðanir móta vissulega örlögin.“¹

Í eftirfarandi útdrætti brýnir Monson forseti fyrir Síðari daga heilögum, að þeir þurfi að sýna hugrekki til að styðja sannleika og réttlæti, til að verja trú sína og standa gegn heimi sem hafnar eilífum gildum og reglum.

„Hugrekkis er stöðugt af okkur krafist,“ sagði hann. „Þannig hefur það alltaf verið og mun alltaf verða.“²



Hugrekki vekur velþóknun Guðs

„Við munum öll upplifa ótta, háðung og mótlæti. Megum við – sérhvert okkar – hafa hugrekki til að bjóða tíðarandanum birginn, hugrekki til að standa fast á því sem rétt er. Hugrekki, ekki málamiðlun, vekur bros og velþóknun Guðs. Hugrekki verður raunveruleg og tilvinnandi dyggð einsetji menn sér fremur að lifa siðsamlega, en að vera fúsir til að deyja karlmannlega. Þegar við sækjum fram og reynum að lifa eins og okkur ber að gera, munum við vissulega njóta hjálpar Drottins og finna huggun í orðum hans.“³

Sýna hugrekki í andstreymi

Hver er merking þess að standast? Þessi skilgreining er mér kær: *Að sýna hugrekki í andstreymi*. Hugrekki kann að vera nauðsynlegt trú ykkar; stundum er það nauðsynlegt til að hlýða. Þess verður vissulega krafist til að fá staðist fram að þeim degi er þið yfirgefið þessa dauðlegu tilveru.“⁴

Hafið hugrekki til að styðja sannleikann

„[Megið] þið hafa hugrekki til að styðja staðfastlega sannleika og réttlæti. Þar sem stefna samfélagsins er á skjön við gildin og reglurnar sem Drottinn hefur gefið, er næsta víst að við þurfum að koma trú okkar til varnar. Ef rætur vitnisburðar ykkar eru ekki sterkar, mun ykkur reynast effitt að standast háð þeirra sem véfengja trú ykkar. Þegar vitnisburður um fagnaðarerindið, um frelsarann og föður okkar á himnum, er orðinn vandlega rótfastur, mun hann hafa áhrif á allt sem þið gerið í lífi ykkar.“⁵

Við þurfum siðferðisþrek og andlegt hugrekki

„Boðskapur sjónvarps, bíómynda og fleiri fjölmiðla er mjög oft í andstöðu við þann boðskap sem við óskum að börn okkar taki á móti og varðveiti. Við berum ekki aðeins þá ábyrgð að kenna þeim að halda sig fast að andanum og kenningunni, heldur einnig að hjálpa þeim við það, þrátt fyrir hin ytri öfl sem þau standa andspænis. Það krefst mikils tíma og fyrirhafnar af okkar hálfu – og til að geta hjálpað öðrum, þurfum við sjálf siðferðisþrek og andlegt hugrekki, til að fá staðist hið illa sem hvarvetna birtist.“⁶

Megum við ætíð vera hugrökk

„Í okkar daglega lífi er varla hægt að komast hjá því að reynt sé á trú okkar. Stundum finnst okkur við umkringd en vera samt í minnihlutahóp, eða jafnvel standa ein í mál-efnum hins ásættanlega eða óásættanlega. . . .

Megum við ætíð vera hugrökk og fús til að standa á eigin sannfæringu, og ef við neyðumst til að standa ein í baráttunni, megum við þá sýna hugrekki og tvíeflast í þeirri vitneskju að við erum í raun aldrei ein er við stöndum með föður okkar á himnum.“⁷ ■

HVERNIG KENNA Á BOÐSKAPINN

Þið getið beðið þau sem þið kennið að íhuga aðstæður sem geta komið upp í vikunni – heima, í vinnu, skóla eða kirkju – og hvatt þau til að sýna hugrekki. Þau gætu óttast eitthvað, staðið frammi fyrir áskorun, þurft að standa á eigin sannfæringu eða ákveða að hlíta betur einhverri reglu fagnaðarerindisins. Biðjið þau að miðla hugsunum sínum eða skrá þær.

HEIMILDIR

1. Thomas S. Monson, „Réttindi, ábyrgð og afleiðing vals,“ *Aðalráðstefna*, október 2010, 75.
2. Thomas S. Monson, „Kallað eftir hugrekki,“ *Aðalráðstefna*, apríl 2004, 55.
3. Thomas S. Monson, „Ver þú hughraustur og öruggur,“ *Aðalráðstefna*, apríl 2014, 69.
4. Thomas S. Monson, „Trúa, hlýða og standast,“ *Aðalráðstefna*, apríl 2012, 137.
5. Thomas S. Monson, „Megið þið hafa hugrekki,“ *Aðalráðstefna*, apríl 2009, 126.
6. Thomas S. Monson, „Þrjú markmið til leiðsagnar,“ *Aðalráðstefna*, október 2007, 131.
7. Thomas S. Monson, „Þorum að standa einir,“ *Aðalráðstefna*, október 2011, 74.

Vera einhverjum öðrum eins og Sara var mér

McKenzie Miller

Áður reyndist mér erfitt að vísa í trú mína til að svara einföldum spurningum eins og: „Afhverju drekkur þú ekki kaffi?“ Ég var vanur að afsaka mig með því að svara: „Það er of beiskt“ eða „Mér finnst það ekki gott á bragðið.“

Afhverju átti ég erfitt með þetta? Afhverju óttaðist ég að tala máli trúar minnar? Ég átta mig ekki nákvæmlega á því nú, er ég lít um farinn veg. Ég man þó nákvæmlega eftir því hvenær ég lét af þessu viðhorfi mínu.

Dag einn, í enskutíma í efri bekk grunnskóla, sagði kennarinn að til stæði að við horfðum á sjónvarpsþátt sem ég vissi að væri mér ekki hollur. Meðan aðrir nemendur fögnuðu spenntir, þá rétti Sara upp hönd og bað um leyfi til fjarveru.

Þegar kennarinn spurði um ástæðu þess, svaraði Sara hreinskilnislega: „Af því að ég er mormóni og horfi ekki á þætti með blótsyrðum.“

Hún sýndi mikið hugrekki að standa ein gegn öðrum í námsbekknum. Þökk sé Söru að ég stóð upp og beið fyrir utan með hreina samvisku þar til þættinum lauk.

Þetta breytti mér varanlega. Ég tók að útskýra trú mína í stað þess að fara undan í flæmingi. Af því leiddi að ég fann nægilegt sjálfstraust til enn meiri þátttöku í kirkjunni og skólanum.

Ég sagði Söru aldrei frá því hve fordæmi hennar varð mér mikils virði en reyndi að tileinka mér sama sjálfstraust og hún hafði sýnt. Mér er nú ljóst að það er hreint engin skömm að því að vera meðlimur hinnar dásamlegu og helgu kirkju Guðs. Ég vona að ég geti með eign fordæmi verið einhverjum öðrum eins og Sara var mér.

Höfundur býr í Utah, Bandaríkjunum.

BÖRN

Hugrekki í ritningunum

Monson forseti hvetur okkur til að sýna hugrekki og standa á sannfæringu okkar. Ótal dæmi eru í ritningunum um þá sem sýnt hafa hugrekki. Lesið ritningargreinarnar aftan við hvert nafnanna. Hvernig sýndi þetta fólk hugrekki og stóð fast á því sem það trúði. Notið auðu plássin til að teikna mynd af svörum ykkar.

Joseph Smith (Joseph Smith—Saga 1:11–17)

Daniel (Daniel 6:7, 10–23)

Lamanítinn Samúel (Helaman 13:2–4; 16:1–7)

Ester (Ester 4:5–14; 5:1–8; 7:1–6)

Kynnið ykkur efnið sem hér er í bænaránda og leitnið að því sem miðla á. Hvernig getur skilningur á lífi og starfi frelsarans aukið trú ykkar á hann og blessað þær konur sem þið vakið yfir með heimsóknarkennslu? Frekari upplýsingar má finna á reliefsociety.lds.org.

Eiginleikar Jesú Krists: Falslaus og án hræsni

Þetta er hluti boðskapar heimsóknarkennslu sem fjallar um eiginleika frelsarans.

Það hjálpar okkur að reyna að fylgja fordæmi Jesú Krists af kostgæfni, ef við skiljum að hann var falslaus og án hræsni. Öldungur Joseph B. Wirthlin (1917–2008) í Tólfpostulasveitinni, sagði: „Fals er að blekkja eða leiða afvega. . . Sá sem er falslaus býr yfir sakleysi, heiðarleika og sönnum ásetningu og lagar sig að reglum ráðvendni, sem sést á einfaldri daglegri breytni hans. . . Ég trúi að meðlimum kirkjunnar sé nauðsynlegt að ástunda falsleysi og að það sé brýnna nú en áður, því margir í heiminum skilja greinilega ekki mikilvægi þessarar dyggðar.“¹

Dieter F. Uchtdorf forseti, annar ráðgjafi í Æðsta forsætisráðinu, sagði: „Ekkert okkar er jafn kristilegt og við vitum að við ættum að vera. Við þráum samt einlæglega að sigrast á



annmörkum okkar og tilhneingunni til syndar. Við þráum af hjarta og sálu að verða betri með hjálp friðþægingar Jesú Krists.“²

Við vitum að „við verðum dæmd af verkum okkar og hjartans þráum, og af því hvernig menn við höfum orðið.“³ Við verðum hreinni með stöðugri iðrun – og „sælir eru hjartahreindir, því að þeir munu Guð sjá“ (Matt 5:8).

Viðbótarritningagreinar

Sálm 32:2; Jakbr 3:17; 1 Pét 2:1–2, 22

HEIMILDIR

1. Joseph B. Wirthlin, „Without Guile,“ *Ensign*, maí 1988, 80, 81.
2. Dieter F. Uchtdorf, „Komið og gangið til liðs við okkur,“ *Aðalráðstefna*, okt. 2013, 23.
3. *Handbook 2: Administering the Church* (2010), 1.2.1.



Trú, fjölskylda, líkn

Úr ritningunum

Lítill börn eru falslaus. Jesús Kristus sagði: „Leyfið börnunum að koma til mín, varnið þeim eigi, því að slíkra er Guðs ríki. . . Og hann tók þau sér í faðm, lagði hendur yfir þau og blessaði þau“ (Mark 10:14, 16).

Kristur þjónaði líka börnunum í Ameríku eftir krossfestingu sína. Hann bauð að fólkið færði honum litlu börnin og „[setti] þau á jörðina umhverfis hann, og Jesús stóð mitt á meðal þeirra. . .

. . . Og . . . hann . . . grét . . . og mannfjöldinn bar því vitni, og hann tók litlu börnin þeirra, hvert af öðru, og blessaði þau og bað til föðurins fyrir þeim. . .

Og þegar fólkið leit upp til að sjá, beindi það augum sínum til himins og sá . . . engla stíga niður af himni eins og umlukta eldsloga, og þeir komu niður og umkringdu litlu börnin, og eldur lék um þau, og englarnir þjónuðu þeim“ (3 Ne 17:12, 21, 24).

Til hugleiðingar

Hvað getum við lært af litlum börnum um falsleysi? (Sjá Leiðarvísir að ritningunum, „Sakleysi.“)

MÁTTUR TRÚAR

Amber Barlow Dahl

Ef himneskur faðir tæki áskoranir okkar í burtu, bara af því að við bæðum hann um það, myndi hann neita okkur um þá reynslu sem nauðsynleg er sálhjálp okkar.

Þegar ég var eitt sinn við próftöku í háskóla, fann ég fyrir sársauka í hnakkanum. Sársaukinn hvarf ekki eftir prófstreituna. Ég fór til læknis og meðferðarsérfræðings en sársaukinn var viðvarandi. Næsta árið reyndi ég að þrauka með sársaukann og átti líka í baráttu við að styrkja trú mína. Ég baðst mikið fyrir, lærði ritningarnar og bað um prestdæmisblessanir. Mér fannst ég gæti læknað, ef ég aðeins hefði næga trú.

Jesús Kristur læknaði sjúka, blinda, lamaða og holdsveika – í samræmi við trú þeirra (sjá Matt 9:29). Ég vissi að hann hefði mátt til að lækna mig, líkt og svo marga í sinni jarðnesku þjónustu. Ég ályktaði því svo að einungis vantrú mín kæmi í veg fyrir lækningu og lagði því enn meira á mig. Á sama tíma og ég hélt áfram í sjúkrapjálfuninni, baðst ég fyrir, fastaði, lærði og sýndi trú. Sársaukinn hvarf samt ekki.

Ritningarnar kenna að við getum unnið kraftaverk fyrir trú (sjá Matt 17:20) en samt var mér um megn að losa mig við þessa smávægilegu þjáningu. Hafði ég ekki nægan trúarmátt? Ég sætti mig loks við aðstæður mínar, fann leiðir til að takast á við sársaukann og óþægindin og sló því á frest til

síðari tíma að hljóta frekari skilning á trú og lækningu.

Nokkrum árum síðar ræddi ég við eina vinkonu mína, Erin, sem hafði glímt við hræðilegan flökurleika á meðgöngutíma fyrsta barns síns, sem varð til þess að hún þurfti að fara oft en einu sinni á sjúkrahús. Erin þráði að eignast annað barn en óttaðist að þurfa að þola sömu óþægindi og á meðgöngu fyrsta barnsins. Hún sagðist hafa fastað og beðist fyrir og trúað því einlæglega að himneskur faðir óskaði ekki að

hún upplifði þetta í annað sinn.

Þegar við ræddum saman, kom þessi ritning upp í huga minn: „Verið kyrrir og viðurkennið, að ég er Guð“ (Sálm 46:10). Mér varð hugsað um það hvernig mér hafði lærst að vera kyrr í þjáningum mínum og ég hvatti Erin til að sýna trú, en setja trú sinni ekki þær skorður að einblína aðeins á að þurfa ekki að upplifa flökurleika á næstu meðgöngu.

Þegar ég hélt áfram að læra um reglur trúar, kom ég að kennslu Alma um trú, þar sem sagt er: „Ef þið þess



RÍSA OFAR EIGIN RAUNUM

„Felst ekki viska í því að hann sjái okkur fyrir áreynslu til sigurs, ábyrgð til afreka, verkefni til úrlausnar og sorgum til sálarprófs? Eru freistingar ekki til að láta reyna á styrk okkar, sjúkdómar til að láta reyna á þolgæði okkar, dauðinn til að við getum orðið ódauðleg og dýrðleg?“

Ef allir þeir veiku sem við biðjum fyrir læknuðust, ef allir réttlátir væru verndaðir og hinum ranglátu væri eytt, yrði öll áætlun föðurins að engu og grunnþáttur fagnaðarerindisins, sjálfræðið, hyrfi með öllu. Enginn maður gæti þá lifað í trú.

Spencer W. Kimball forseti (1895–1985), *Teachings of Presidents of the Church: Spencer W. Kimball* (2006), 15.



vegna eigið trú, þá hafið þið von um það, sem eigi er auðið að sjá, en er sannleikur“ (Alma 32:21).

Þegar ég ígrundaði þessa ritningu, skildi ég að trú var annað en ég taldi. Alma kenndi að trú væri von á sannar reglur. Trú er ekki sannfæring um að himneskur faðir muni ávallt verða við bón okkar þegar við biðjum hann einhvers. Að trúa að Kristur læknaði hálsverkinn eða sæi til þess að meðganga Erin yrði án flökurleika, fellur ekki að sönnnum trúarreglum. Við getum samt trúað að Kristur hafi mátt til að lækna, að hann sé okkur minnugur, að hann styrki okkur og að hann gefi okkur eilíft líf og ef við stöndumst vel gætum við orðið hæf fyrir eilíft líf.

Drottinn lofaði: „Hvað sem þú biður um í trú og trúir, að þú hljótir, í nafni Jesú Krists, það munt þú hljóta“ (Enos 1:15). Ég trúi að loforð þetta sér bundið orðunum „í nafni Jesú Krists.“ Í Leiðarvísi að ritningunum er útskýrt: „Við getum í sannleika beðið í nafni Krists, þegar óskir okkar eru samhljóða óskum Krists (Jóh 15:7). Við biðjum þá um það sem Guði er mögulegt að veita. Sumum bænum er ekki svarað því þær eru í engu samræmi við óskir Krists en stafa þvert á móti af sjálfselsku manna.“

Þegar við biðjum um eitthvað sem er í samræmi við vilja Guðs, mun hann veita okkur í samræmi við þrár okkar. Himneskur faðir þekkir og

elskar okkur og þráir að sjá okkur fyrir öllu nauðsynlegu, svo við getum snúið til hans aftur. Stundum felur það í sér erfiðleika, raunir og áskoranir (sjá 1 Pét 1:7). Ef himneskur faðir tæki áskoranir okkar í burtu, bara af því að við bæðum hann um það, myndi hann neita okkur um þá reynslu sem nauðsynleg er sáluhjálpar okkar. Við verðum að læra að reiða okkur á Guð og beygja okkur undir vilja hans. Þegar við samstillum þrár okkar hans þrám og viðurkennum að við séum algjörlega háð honum, getum við farið að „ná takmarki trúar [okkar], frelsun sálna [okkar]“ (1 Pét 1:9). ■

Höfundur býr í Oregon, Bandaríkjunum.

FJÖLSKYLDUKVÖLD – ÞIÐ GETIÐ GERT ÞAÐ!

Fjölskyldukvöld geta blessað og eft ykkur, hvernig sem fjölskylda ykkar er.

Faðir nokkur kemur þreyttur heim eftir langan vinnudag og uppgötvar að aðrir í fjölskyldunni eru líka gæðstirðir. Það er mánudagskvöld og ómögulegt virðist vera að hafa fjölskyldukvöld. Eftir að hafa beðist fyrir um hjálp, ákveða foreldrarir að hafa hlutina einfalda. Þau kalla á börnin sín, syngja sálm og biðja saman. Þau láta sérhvern hafa kerti til að kveikja á og segja um leið frá einhverju sem nýlega veitti þeim innblástur. Í hálfmrykviðu herberginu er kertaloginn látinn tákna innblástur og heldur athygli barnanna vakandi. Vitnisburðir eru gefnir og ljúf tilfinning friðar og kærleika fyllir heimilið. Fjölskyldan lýkur kvöldinu þakklát fyrir að hafa haft fjölskyldukvöld.

Vissuðu þið að fjölskyldukvöld hafa verið á dagskrá kirkjunnar í 100 ár? Í apríl 1915 hvatti Æðsta forsætisráðið meðlimi til að helga eitt kvöld í viku fjölskyldubæn, tónlist, trúarnámi, sögum og athöfnum. (Sjá bls. 80, þar sem finna má útdrátt úr bréfi Æðsta forsætisráðsins.) Spámenn minna okkur stöðugt á mikilvægi fjölskyldukvölds. „Við megum ekki við því að vanrækja þessa guðlega innblásnu

dagskrá,“ sagði Thomas S. Monson forseti. „Hún getur fært öllum í fjölskyldunni þann andlega þroska sem hjálpar þeim að standast freistingar sem alls staðar eru.“¹

Hér eru nokkur atriði sem hafa ber í huga er þið gerið fjölskyldukvöld að vikulegri dagskrá:

Þetta er fyrir mig. „Fjölskyldukvöld eru fyrir alla,“ sagði öldungur L. Tom Perry í Tólfpostulasveitinni.² Allir – giftir eða ógiftir, hvort sem þau eiga börn eða ekki – geta helgað þá stund til að efla fjölskylduna og læra fagnaðarerindið.

Ég get fundið tíma. Kirkjan setur fordæmið með því að hafa enga starfsemi á mánudagskvöldum. Þið getið sýnt Drottni og fjölskyldu ykkar að þið séuð fús til að taka frá tíma fyrir það sem mikilvægast er.

Ég get fundið út hvað virkar fyrir fjölskylduna mína. Ef fjölskylda ykkar er aðskilin, reynið þá að hafa „fjölskyldukvöld á netinu,“ að ræða saman sem fjölskylda með hjálp netsins eða í gegnum síma. Þarf einhver að vinna fram eftir? Hafid „fjölskyldukvöld í almenningsgarði“ í hléi nærri

vinnustaðnum. Fráskilin faðir hafði „fjölskyldukvöld með bréfasamskiptum“ á hverju mánudagskvöldi og sendi þau börnum sínum sem bjuggu í fjarlægð.³ Látið hindranir vera hvata til finna lausnir.

Ég get byrjað í þessari viku. Hægt er að skipuleggja fjölskyldukvöld eftir þörfum og aðstæðum fjölskyldu þinnar. Hér eru nokkrar almennar ábendingar:

- Byrja og ljúka með bæn.
- Nota tónlist, líka sálma og Barnafélagssöngva.
- Læra í ritningunum og af nútíma spámönnum.
- Hafa ýmsar líkamlegar athafnir, þjónustuverkefni og trúartengdar athafnir viku eftir viku.
- Njóta stundarinnar! Fara í leik eða búa til veitingar.
- Vera sjálfum okkur samkvæm. Ef mánudagskvöld eru ekki laus, finnið þá annað kvöld sem er betra.

Ég vil fá blessanirnar. Spámenn hafa lofað að ef við tökum þátt í fjölskyldukvöldum, munu miklar



blessanir hljófast:

Ást og hlýðni mun aukast á heimilinu. Trúin mun festa rætur í hjarta unga fólksins. Fjölskyldur „munu hljóta kraft til að takast á við ill áhrif og freistingar“ sem umlykja.⁴

Pótt fjölskyldukvöldin ykkar séu ekki alltaf fullkomin, mun fjölskyldan eflast og blessast af framlagi ykkar. „Hvert fjölskyldukvöld er eitt einstakt penslafar á striga sálna okkar,“ sagði öldungur David A. Bednar í Tólfpostulasveitinni. „Enginn einn atburður virðist kannski tilkomumikill eða eftirminnilegur. En rétt eins og . . .

penslaförin bæta hvert annað upp og mynda undursamlegt meistaraverk, þá mun það, að vera samkvæmur sjálfum sér í smáu sem stóru, á sama hátt leiða til mikilsverðs andlegs árangurs.“⁵ ■

HEIMILDIR

1. Thomas S. Monson, „Óbreytanlegur sannleikur fyrir breytanlega tíma,“ *Aðalráðstefna*, apríl 2005.
2. L. Tom Perry, „Therefore I Was Taught,“ *Ensign*, maí 1994, 38.
3. „Family Home Evening: Any Size, Any Situation,“ *Ensign*, des. 2001, 42.
4. Æðsta forsætisráðið, í samant. James R. Clark, *Messages of the First Presidency of The Church of Jesus Christ of Latter-day Saints*, 6. bindi (1965–75), 4:339.
5. David A. Bednar, „Meiri kostgæfni og umhyggjusemi heima fyrir,“ *Aðalráðstefna*, okt. 2009, 19.

HAFI Í FORGANGI

„Við hvetjum foreldra og börn til að láta fjölskyldubænir hafa algjöran forgang, svo og fjölskyldukvöld, ritningarnám og fræðslu og heilnæmar fjölskylduathafnir. Hversu verðug og viðeigandi sem önnur viðfangsefni kunna að vera, má ekki leyfa að þau komi í stað þeirra guðlegu tilnefndu skyldna sem einungis foreldrar og börn fá innt af hendi.“

Bréf frá Æðsta forsætisráðinu, 11. feb. 1999.

HANN ER UPPRISINN

Það sem heimurinn hefur nú mesta þörf fyrir er óhaggað trú á Krist.



David O. McKay forseti (1873–1970)
níundi forseti kirkjunnar

David O. McKay fæddist 8. september 1873.

Hann var vígður postuli 9. apríl 1906, 32 ára

gamall, og 9. apríl 1951 var hann studdur sem níundi forseti kirkjunnar. Hér á eftir er útdráttur úr ræðu sem hann hélt á aðalráðstefnu í apríl 1966. Alla ræðuna má lesa í Conference Report, apríl 1966, 55–59.

Ef kraftaverk er yfirnáttúrlegur atburður, sem maðurinn fær ekki skilið vegna síns takmarkaða skilnings, þá er upprisa Jesú Krists undursamlegasta kraftaverk allra tíma. Í henni felst almætti Guðs og ódauðleiki mannsins.

Upprisan er kraftaverk, en þó aðeins vegna þess að hún er ofvaxin skilningi mannsins. Hún er þó þeim

sem samþykkja hana sem staðreynd, aðeins staðfesting á samfelldu lögmáli lífsins. . . .

Ef þið meðtakið þá staðreynd að Kristur reis upp í líkamanum og birtist sem dýrðleg upprisin vera, þá hafið þið fundið svarið við spurningu allra tíma: „Þegar maðurinn deyr, lifnar hann þá aftur?“ (Job 14:14).

Vitni upprisunnar

Öruggt er að bókstafleg upprisa Krists frá dauðum var raunveruleg þeim lærisveinum sem þekktu hann. Í þeirra huga var alls enginn vafi. Þeir voru vitni að þessari staðreynd; þeir vissu því þeir sáu, því eyru þeirra heyrðu, hendur þeirra þreifudu á og þeir fundu fyrir líkamlegri nærveru hins upprisna frelsara.

Þegar hinir ellefu komu saman til að velja þann sem taka átti sæti Júdasar Ískariot, sagði Pétur, sem var yfirpostuli: „Einhver þeirra manna, . . . verður nú að gjörast vottur upprisnu hans ásamt oss“ (Post 1:21–22). . . .

Af öðru tilefni lýsti Pétur yfir frammi fyrir óvinum þeirra, já, þeim sem höfðu deytt Jesú á krossinum: „Ísraelsmenn, heyrði þessi orð: . . . „Þennan Jesú reisti

Guð upp, og erum vér allir vottar þess“
(Post 2:22, 32). . . .

Fleiri vitni

Kirkja Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu ber sama vitni og Pétur, Páll, Jóhannes og allir hinir fornu postular, sem vissu að upprisan var ekki aðeins bókstaflega sönn, heldur líka staðfesting á guðlegu hlutverki Krists á jörðu.

Átján hundruð árum eftir að Jesús dó á krossinum, lýsti spámaðurinn Joseph Smith því yfir að hinn upprisni Drottinn hefði birtst honum og sagði: „Ég [sá] tvær verur, svo bjartar og dýrðlegar, að ekki verður með orðum lýst, og stóðu þær fyrir ofan mig í loftinu. Önnur þeirra ávarpaði mig, nefndi mig með nafni og sagði, um leið og hún benti á hina: *Þetta er minn elskaði sonur. Hlýð þú á hann!*“ (Joseph Smith—Saga 1:17). . . .

Ef vitnisburður Josephs Smith stæði einn og óstuddur, væri hann af litlu gildi, líkt og Kristur sagði um sinn eigin vitnisburð, er hann vísaði til sjálfs sín, en Jesús hafði vitnisburð Guðs og postulanna. Joseph Smith hafði önnur vitni, sem staðfestu vitnisburð hans, sannleikann sem hafði verið kunnngjörður þeim með vitjun engilsins Morónís. . . .

. . . Kirkja Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu staðfestir líka hina dýrðlegu sýn spámannsins Josephs Smith:

HINN LIFANDI KRISTUR

Lesið vitnisburði um Jesú Krist, sem Lnú tíma spámann og postular hafa gefið, í *Liahóna*, apríl 2000, 2–3.



Jesús Kristur er sonur Guðs og lausnari heimsins! Enginn sannur fylgjandi lætur sér nægja að viðurkenna hann einungis sem mikinn umbótasinna, fyrirmyndar kennara eða jafnvel sem hin eina fullkomna mann. Maðurinn frá Galelíu er – ekki í óeiginlegri merkingu, heldur í *eiginlegri merkingu* – sonur hins lifanda Guðs. . . .

Sannlega endurfæddur

Enginn getur einlæglega lifað daglega eftir kenningum Jesú frá Nasaret án þess að upplifa breytingu á sjálfum sér. Orðið „endurfæddur“ hefur dýpri merkingu en margir gera sér grein fyrir. . . . Sá er hamingjusamur sem sannlega hefur upplifað þann lifgandi og umbreytandi kraft sem af nærveru frelsarans stafar, að tengjast hinum lifandi Kristi. Ég er þakklátur fyrir að vita að Kristur er lausnari minn. . . .

Boðskapur upprisunnar . . . er mesta hughreysting mannsins og dýrðlegasti boðskapur allra, því þegar ástvinir okkar deyja sefast sorg hjartans í von og guðlegri fullvissu orðanna: „*Hann er ekki hér. Hann er upprisin!*“ [sjá Matt 28:6; Mark 16:6].

Af allri sálu veit ég að Jesús Kristur hefur sigrað dauðann og af því að lausnari okkar lifir, munum við lifa. ■

Undirfyrirsögn breytt; stafsetning og ritmál fært í nútímahorf.

„Og nú, eftir þá mörgu vitnisburði, sem gefnir hafa verið um hann, er þetta vitnisburðurinn síðastur allra, sem við gefum um hann: Að hann lifir!“ (K&S 76:22). . . .

Í ljósi þessara traustu vitnisburða, sem hinir fornu postular hafa gefið – vitnisburða, sem gefnir voru nokkrum árum eftir að atburðurinn sjálfur átti sér stað – í ljósi þessarar dásamlegustu opinberunar, á tíma hins lifandi Kristis, er vissulega erfitt að skilja hvernig menn geta samt hafnað Kristi og efast um ódauðleika mannsins.

Það sem við höfum nú mesta þörf fyrir

Það sem heimurinn hefur nú mesta þörf fyrir er óhagganleg trú á Krist. Það er meira en aðeins tilfinning. Það er kraftur sem leiðir til athafna, og hann ætti að vera sá mikilvægasti sem maðurinn lætur stjórnast af. . . .

Ef menn aðeins „gerðu vilja hans,“ í stað þess að mæna vonlausir á dimma og drungalega gröfina, myndu þeir líta til himins og vita að Kristur er risinn! . . .

Kirkja Jesú Kristis hinna Síðari daga heilögu lýsir yfir til alls heimsins að

HIN ANDLEGU ÁHRIF

„Við áköllum konur kirkjunnar um að standa saman í réttlæti. . . Ég sé þetta sem bjarta von í [heiminum].“
—Gordon B. Hinckley forseti (1910–2008)



KVENNNA



Pekkjum við okkar andlega styrk?

Starla Awerkamp Butler

Margar dásamlegar og auðmjúkar konur í kirkjunni hafa veitt trúfasta þjónustu, án þess að hafa áttað sig á þeim miklu áhrifum sem þær hafa á aðra – sem fordæmi um stundlega þjónustu og líka sem arfleifð andlegs styrks. Amma mín, Cherie Petersen, er ein slík kona. Hún hefur þjónað trúfastlega og yfirlætislaust alla sína ævi. Hún myndi segja að hún hefði ekki mikið að gefa heiminum, ef þið spyrðuð hana. Ég veit samt, eftir að hafa lært um æviferil hennar, að hennar andlegi styrkur hefur haft mikil áhrif á mitt líf.

Foreldrar Cherie hættu að fara í kirkju og slitu samvistum þegar hún var mjög ung, svo hún ólst upp með móður sinn, Florence, sem var stöðugt útivinnandi. Florence hafði jafnvel sjálf verið enn umhirðulausari sem barn, því hún ólst upp í heimavistarskóla á meðan móðir hennar, Georgia, lifði sínu veraldlega lífi. Þrátt fyrir uppeldislegar áskoranir Cherie, þá hélt hún áfram að vera virk í fagnaðareringinu og sótti kirkju staðfastlega, ásamt fjölskyldu langalangömmu sinnar, Elísabetar, eða með vinum sínum. Í þeirri fjölskyldu sá hún það sem hún óskaði sjálfri sér. Hún vissi ekki nákvæmlega hvernig fjölskylda ætti að vera, en hún vissi hvernig hún ætti ekki að vera, og var ákveðin í því að fjölskylda hennar yrði öðruvísi.

Eiginmaður Cherie – afi minn, Dell – sagði eitt sinn við mig: „Ef þú vilt vitnisburð, verðurðu að þrá hann. Cherie þráði alltaf vitnisburð.“ Þótt fyrri hjónabandsár þeirra hefðu einkennst af basli og striti, einsettu þau sér að vera sterk sem fjölskylda. Fyrsta hjónabandsárið voru þau lítt virk, vegna vinnutíma Dells, en þegar Cherie hlaut köllun til þjónustu í Barnafélaginu, tók hún að mæta aftur og Dell kom brátt með henni í kirkju sem leiðbeinandi djáknasveitar. Allt frá þessum tíma hafa þau verið

DAETUR GUDDÓMSVÍS, EFTIR KATHLEEN PETERSON, ÖHEIMIT AD ÁRRITA

virk og öflug í kirkjunni. Cherie var fús til að þjóna og ákveðin í því að rækta sterka fjölskyldu og það hjálpaði móður minni að verða sú sterka kona sem raun ber vitni, og fordæmi hennar hefur haft áhrif á líf mitt, einkum nú er ég stofna mína eigin fjölskyldu.

Við getum, sem konur, haft djúp og varanleg áhrif á þá sem umhverfis eru. Joseph Smith kenndi vissulega að hlutverk okkar væri „ekki aðeins að líkna fátækum, heldur líka að bjarga sálum.“¹ Jesús Kristur hefur kallað konur þessarar kirkju sem lærisveina sína og til að vera andlega sterkar. Okkar andlegi styrkur og áhrif eru ómissandi í framvindu sálhjálpstarfsins og við þurfum að leita tækifæra til að styrkja andlega þá sem umhverfis eru. Þegar við gerum það, munu trú og réttlæti okkar hafa miklu meiri áhrif en við fáum skilið eða áttað okkur á.

Kallaðar til að vera lærisveinar

Öldungur James E. Talmage (1862–1933) í Tólfpostulasveitinni, ritaði: „Heimsins mesti talsmaður kvenna og kvendóms, er Jesús Kristur.“² Íhugið til að mynda kennslu hans til tveggja kvenlærisveina sinna í Nýja testamentinu, Mörtu og Maríu. Í ritinu *Daughters in My Kingdom* er útskýrt: „Lúkas 10 segir frá Mörtu og þeirri gestrisni sem hún sýndi Jesú. Hún þjónaði Drottinni með því að annast hans stundlegu þarfir og María sat við fætur meistarans og lærði um kenningar hans.

„Á þessum tíma, er konum var almennt ætlað að þjóna aðeins við hið stundlega, kenndi frelsarinn Mörtu og Maríu að konur gætu líka tekið þátt í hinu andlega starfi í verki hans. Hann bauð þeim að verða lærisveinar sínir og taka á móti hjálpraðinu, [hinu góða hlutskipti], sem aldrei yrði frá þeim tekið.“³



Fjórar kynslóðir: Elísabet (vinstri), heldur á barnabarni sínu, Florence. Annie (miðju) kom til Utah með foreldrum sínum og er móðir Elísabetar. Georgia (hægri) er dóttir Elísabetar, en Georgia og dóttir hennar, Florence, yfirgáfu kirkjuna. Það var trúfesti Elísabetar sem hjálpaði barnabarnabarni hennar, Cherie og afkomendum Cherie að taka aftur á móti fagnadarerindinu.

Við getum stundum gert þau mistök að telja að megin hlutverk kvenna sé að reiða fram stundlega þjónustu, svo sem að tilreiða máltíðir, sauma og þrifa eftir aðra. Slík þjónusta er dýrmæt og góð og gild fórn, en Drottinn þarf meira á konum að halda sem búa að andlegum styrk, sem endurspeglar trú, réttlæti og kærleika, heldur en þeim sem geta saumað og eldað. Hann veit að hver okkar hefur svo mikið fram að færa. Jesús Kristur býður okkur *öllum* að þróa andlegan styrk og þá hæfni að geta tekið á móti og breytt samkvæmt opinberun, til að verk hans nái betur fram að ganga. Linda K. Burton, aðalforseti Líknarfélagsins, sagði við systurnar: „Þið hafið

verið sendar til jarðar á þessum ráðstöfunartíma, vegna þess hverjar þið eruð og hvers konar undirbúning þið hafið hlotið! Hvað svo sem Satan reynir að sannfæra okkur um að við séum, þá vitum við að við erum lærisveinar Jesú Krists.“⁴

Drottinn þekkir okkur og aðstæður okkar og hann hefur verk fyrir okkur að vinna á þessari jörðu. Engin systir er of fáfróð eða of hæfileikalaus til að geta verið andlegur áhrifavaldur og leiða aðra til Krists. Gæddar þessum guðlegu hæfileikum, berum við ábyrð á að verða andlegir leiðtogar á heimilum okkar og í samfélögum okkar. Öldungur M. Russel Ballard í Tólfpostulasveitinni, sagði: „Sérhver systir í þessari kirkju sem hefur gert sáttmála við Drottin, hefur guðleg fyrirsmæli um að hjálpa til við björgun sálna, til að hjálpa að leiða konur þessa heims, til að efla heimili Síonar og til að byggja upp ríki Guðs.“⁵

Við þurfum ekki að vera í mikilvægum embættum eða gera frumlega hluti til að hjálpa þeim sem umhverfis eru til að taka ákvarðanir sem færa þau nær Jesú Kristi – sem er okkar mikilvægasta skylda. Allt stórt og smátt sem við gerum fyrir eina eða tvær manneskjur, jafnvel í okkar eigin fjölskyldu, getur haft djúpstæð áhrif.



Konur í starfi sáluhjálpar

Í kærum sálmi segir: „Við byggjum upp, Drottinn, þinn bústað á jörðu. Við reisum þann fallna og réttum hann við.“⁶ Við höfum margt að gefa þeim sem við elskum. Öldungur Richard G. Scott í Tólfpostulasveitinni, sagði frá því hvernig tvær andlega sterkar konur höfðu áhrif á líf hans:

„Þegar ég var barn, þá var faðir minn ekki meðlimur kirkjunnar og móðir mín lítt virk. . . . Nokkrum mánuðum eftir að ég varð átta ára ferðaðist Whittle amma þvert yfir landið til að heimsækja okkur. Amma hafði áhyggjur af því að hvorki ég né eldri bróðir minn höfðum verið skírðir. Ég veit ekki hvað hún sagði við foreldra mína varðandi þetta, en ég veit að morgun einn fór hún með mig og

*„Frelsarinn [kenndi]
Mörtu og Maríu að
konur gætu líka
tekið þátt í hinu
andlega starfi í
verki hans. Hann
bauð þeim að verða
lærisveinar sínir
og taka á móti
hjálpæðinu.“*

bróður minn í almenningsgarð einn og deildi með okkur tilfinningum sínum um mikilvægi þess að skírast og að sækja kirkjusamkomur reglulega. Ég man ekki nákvæmlega hvað hún sagði, en orð hennar vöktu eitthvað í hjarta mér og fljótlega vorum við bræðurnir skírðir. . . .

Amma notaði rétt hlutföll af hugrekki og virðingu til að koma föður okkar í skilning um mikilvægi þess að aka okkur á kirkjusamkomur. Á sérhvern góðan hátt, hjálpaði hún okkur að skynja nauðsyn þess að hafa fagnaðarerindið í lífi okkar.“⁷

Annar andlegur áhrifavaldur öldungs Scotts var eiginkona hans, Jeanene. Á stefnumóti einu tóku þau að ræða um framtíðina. Jeanene, sem hafði al-ist upp á miklu trúboðsheimili, lét þá



BARV, EFTIR KATHLEEN PETERSON, OHEIMIT AD ÁRITA

þrá í ljós að giftast manni í musterinu sem hefði þjónað í trúboði. Öldungur Scott, sem hafði ekki áður hugsað mikið um trúboð, varð fyrir miklum áhrifum. Ég fór heim og ekkert annað komst að í huga mínum. Ég vakti alla nóttina. . . . Eftir margar bænir, tók ég ákvörðun um að hitta biskupinn minn og byrja á að útfylla trúboðsumsókn mína.“⁸ Þótt Jeanene hafi veitt mér leiðsögn og nauðsynlega hvatningu, sagði öldungur Scott, þá bað hún mig aldrei að fara í trúboð fyrir sig. Hún elskaði mig nægilega heitt til að miðla mér sannfæringu sinni og veitti mér síðan svigrúm til að móta eigin lífsstefnu. Við þjónuðum bæði í trúboði og síðar vorum við innsigliuð í musterinu. Hugrekki Jeanene og trúarhollusta breytti öllu í lífi okkar saman. Ég er sannfærður um að við hefðum ekki fundið þá hamingju sem

Í kærum sálmi segir: „Við byggjum upp, Drottinn, þinn bústað á jörðu. Við reisum þann fallna og réttum hann við.“ Við höfum margt að gefa þeim sem við elskum.

við þjuggum að, án sterkar trúar hennar á þeirri lífsreglu að þjóna Drottni fyrst. Hún var dásamlegt, réttlátt fordæmi!“⁹

Það voru andleg áhrif þessara kvenna sem hjálpuðu einum ungum manni – öldungi Scott – að gera upp hug sinn varðandi mikilvægustu ákvörðun lífs hans: Að láta skírast, að þjóna í trúboði og gifta sig í musterinu.

Við getum hvatt aðra með fordæmi okkar, verkum, orðum og persónulegu réttlæti, til að taka góðar ákvarðanir. Systir Carole M. Stephens, fyrsti ráðgjafi í aðalforsætisráði Líknaðfélagsins, sagði: „Við erum sáttmálsdætur í ríki Drottins, og okkur gefst kostur á að vera verkfæri í höndum hans. . . . Við tökum dag hvern þátt í starfi sáluhjálpar, í litlum mæli og á einfaldan hátt – með því að vaka yfir, styrkja og kenna hver annari.“¹⁰

Þegar við reiðum okkur á andann og sækjum fram af einlægri og auðmjúkri viðleitni, til að hjálpa þeim sem umhverfis eru að komast nær Kristi, munum við hljóta handleiðslu í því sem við getum gert og styrk til að gera það, og finna gleði í því að leiða börn Drottins til hans.

Verða andlegur áhrifavaldur

Meðvitaðar um ábyrgð okkar, gætum við spurt líkt og lærisveinar til fornar: „Hvað eigum vér að gjöra“ (Post 2:37), til að verða andlegur áhrifavaldur? Á nýlegri aðalráðstefnu bauð systir Burton systrunum að „sjá fyrir [sér] nokkrar mögulegar auglýsingar um „aðstoð óskast,“ sem tengjast starfi sáluhjálpar:

- Aðstoð óskast: Foreldrar óskast til að sjá um uppeldi barna sinna í ljósi og sannleika.
- Aðstoð óskast: Dætur . . . , systur . . . frænkur . . . , frændur, afar og ömmur og sannir vinir, til að þjóna sem kennarar og rétta hjálparhönd á sáttmálsveginum
- Aðstoð óskast: Þeir sem geta hlustað á hvatningu heilags anda og framkvæmt samkvæmt því.
- Aðstoð óskast: Þeir sem geta lifað eftir fagnaðarerindinu daglega í hinu einfalda og smávægilega.
- Aðstoð óskast: Ættfræði- og musterisþjónar til að tengja fjölskyldur saman að eilífu.
- Aðstoð óskast: Trúboðar og meðlimir til að breiða út „fagnaðarboðskapinn“ – fagnaðarerindi Jesú Krists
- Aðstoð óskast: Björgunarmenn óskast til að finna þá sem hafa villst af leið.
- Aðstoð óskast: Þeir sem geta haldið sáttmála sína til að vera staðfastir í sannleika og réttlæti.
- Aðstoð óskast: Sannir lærisveinar Drottins Jesú Krists¹¹

Þetta er ekkert nýtt, en þegar við leitum tækifæra til að taka þátt í starfi sáluhjálpar, munum við auka hæfni okkar til að hjálpa þeim sem umhverfis eru. Öldungur Ballard sagði: „Ekkert í þessum heimi er jafn persónulegt, jafn endurnærandi, eða jafn lífsumbreytandi, og áhrif réttlátrar konu.“¹² Þegar við þróum okkar andlega kraft með persónulegum bænum og ritningarnámi og staðfastrí hlýðni og sáttmálshollustu, munum við verða slíkur áhrifavaldur.

Lengra en við fáum séð

Brigham Young forseti (1801–1877) sagði: „Getið þið lýst umfangi þess góða sem mæður og dætur í Ísrael geta komið til leiðar? Nei, það er ómögulegt. Það góða sem þær gera mun fylgja þeim um alla eilífd.“¹³

Réttlátar ákvarðanir ömmu minnar hafa haft áhrif á afkomendur hennar umfram það sem hún fékk séð sem ung kona. Hin andlegu áhrif kvenna meðal ættmenna minna ná jafnvel enn lengra aftur í tímann. Cherie hlaut mikið af sínum andlega styrk af því að fylgjast með langalangömmu sinni (fimmti ættliður frá mér) Elísabetu. Trúarfordæmi og vitnisburður Elísabetar hafði áhrif eftir óvirkni tveggja kynslóða og varð til að hjálpa barnabarnabarni hennar, Cherie, að fara aftur í kirkju og breyta munstri fjölskylduupplausnar.

Þegar við verðum þeim andlegur styrkur sem umhverfis eru, munu áhrif okkar ná lengra en við fáum skilið eða áttað okkur á. Gordon B. Hinckley forseti (1910–2008) sagði: „Við áköllum konur kirkjunnar um að standa saman í réttlæti. Þær verða að byrja á sínu eigin heimili. Þær geta kennt reglurnar í námsbökkjum sínum. Þær geta látið rödd sína hljóma í samfélaginu. . . .

„Ég sé þetta sem bjarta von í heimi sem er á leið til sjálfseyðingar.“¹⁴

Þegar við tökum þessu boði, mun verk Drottins sækja fram í heiminum umhverfis og það sem mikilvægara er, í fjölskyldum okkar og lífi þeirra sem við elskum. ■

Höfundur býr í Utah, Bandaríkjunum.

HEIMILDIR

1. *Kenningar forseta kirkjunnar: Joseph Smith* (2007), 453.
2. James E. Talmage, *Jesus the Christ*, 3. útg. (1916), 475.
3. *Daughters in My Kingdom: The History and Work of Relief Society* (2011), 3–4.
4. Linda K. Burton, „Aðstoð óskast: Hendur og hjórtu til að hraða verkinu,“ *Aðalráðstefna*, mar. 2014, 128.
5. M. Russell Ballard, „Women of Righteousness,“ *Ensign*, apríl 2002, 70.
6. „Við leitum þín, Drottinn,“ *Sálmar*, nr. 118.
7. Richard G. Scott, „Ég hef gefið yður eftirdæmi,“ *Aðalráðstefna*, mar. 2014, 32.
8. Richard G. Scott, „Ég hef gefið yður eftirdæmi,“ 33.
9. Richard G. Scott, „Ég hef gefið yður eftirdæmi,“ 33.
10. Carole M. Stephens, „Við höfum mikla ástæðu til að fagna,“ *Aðalráðstefna*, okt. 2013, 130.
11. Linda K. Burton, „Aðstoð óskast: Hendur og hjórtu til að hraða verkinu,“ 124.
12. M. Russell Ballard, „Mæður og dætur,“ *Aðalráðstefna*, mar. 2010, 21.
13. *Discourses of Brigham Young*, valið af John A. Widtsoe (1954), 216.
14. Gordon B. Hinckley, „Standing Strong and Immoveable,“ *Worldwide Leadership Training Meeting*, 10. jan. 2004, 20, þýðing til á íslensku.

VEIKLEIKI ER **ekki** SYND

Wendy Ulrich

„**E**r ég í raun verðug þess að fara í hús Guðs? Hvernig get ég orðið það, þar sem ég er ekki fullkomin?“

„Getur Guð í raun breytt veikleika mínum í styrk? Ég hef fastað og beðist fyrir í marga daga, til þess að fá lausn frá þessum vanda en allt er við það sama.“

„Á trúboðakrinum lifði ég af meiri trúfestu eftir fagnaðareringinu en á öðrum tímum lífs míns, en var aldrei sem áður jafn meðvituð um eigin misbrestir? Afhverju leið mér stundum illa, þegar ég var svo góð?“

Þegar við íhugum slíkar spurningar, er nauðsynlegt að skilja að þótt óhjákvæmilegt sé að *syndin* færi okkur fjær Guði, þá mætti segja það kaldnæðislegt að *veikleikar* okkar geti fært okkur nær honum.

Greina á milli syndar og veikleika

Almennt lítum við á synd og veikleika sem misstóra dökka flekki á sálarklæðum okkar, brot sem eru misjöfn að alvarleika. Ritningarnar segja samt synd og veikleika vera eðlislega ólík, krefjast ólíkra úrlausna og geta mögulega haft ólíkar afleiðingar.

Flest erum við kunnugri syndinni en við viljum viðurkenna en hér er

skilgreining hennar: Synd er að velja að óhlýðnast boðorðum Guðs eða breyta gegn ljósi Krists hið innra. Synd er að velja að treysta Satan, fremur en Guði, sem setur okkur í andstöðu við föður okkar. Ólíkt okkur, þá var Jesús

Takmarkanir og vangeta eru ekki syndir og koma ekki í veg fyrir að við séum hrein og verðug andans.





Þótt óhjákvæmilegt sé að syndin færi okkur fjær Guði, þá mætti segja það kaldhæðnislegt að veikleikar okkar geti fært okkur nær honum.



Kristur algjörlega syndlaus og gat því friðþægt fyrir syndir okkar. Þegar við iðrumst af einlægni – sem er breyting hugarfars, hjartalags og verklags; að biðjast afsökunar eða játa misgjörð; bæta fyrir brotið, ef mögulegt er; og endurtaka ekki syndina aftur – getum við fengið aðgang að friðþægingu Jesú Krists, hlotið fyrirgefningu Guðs og orðið hrein aftur.

Hreinleiki er nauðsynlegur, því ekkert óhreint fær dvalið í návist Guðs. Ef markmið okkar er að verða jafn saklaus og þegar við fórum úr návist Guðs, væri betra að við hefðum legið áfram í vöggunni alla okkar ævi. Við komum til jarðar til að læra af eigin reynslu, að greina á milli góðs og ills, vaxa að visku og hæfileikum, lifa eftir kærum lífsgildum og rækta okkar guðlegu eiginleika – sem ekki er mögulegt í öryggi vöggunnar.

Mannlegir veikleikar gegna mikilvægu hlutverki í þessum nauðsynlega tilgangi jarðlífsins. Þegar Moróni hafði áhyggjur af því að veikleiki



LOFORÐ FRIDÞÆG- INGARINNAR

„Megin tilgangur friðþægingar Krists er að endurreisa

það sem þið fáið ekki endurreist, lækna það sem þið fáið ekki læknað og færa í samt lag það sem þið rufuð og getið ekki bætt fyrir. . . .

Ég staðfesti að enginn ávani, ánetjun, mótþrói, brot, fráhrarf eða glæpur er undan skilinn loforðinu um fullkomna fyrirgefningu, fyrir utan þá fáeinu sem falla í glötun. Það er loforð friðþægingar Jesú Krists.“

Boyd K. Packer, forseti Tölpóstula-sveitarinnar, „The Brilliant Morning of Forgiveness,” *Ensign*, nóv. 1995, 19–20.

hans í ritmáli gæti orðið til þess að Þjóðirnar hæddust að því sem heilagt væri, fullvissaði Drottinn hann með þessum orðum:

„Og komi menn til mín, mun ég sýna þeim veikleika sinn. Ég gef mönnum veikleika, svo að þeir geti orðið auðmjúkir. Og náð mín nægir öllum mönnum, sem auðmýkja sig fyrir mér. Því að ef þeir auðmýkja sig fyrir mér og eiga trú á mig, þá mun ég láta hið veika verða styrk þeirra“ (Eter 12:27; sjá einnig 1 Kor 15:42–44; 2 Kor 12:7–10; 2 Ne 3:21; og Jakob 4:7).

Þetta kunnuga ritningarvers hefur djúpa merkingu, sem felst í því að við gerum greinarmun á synd (sem Satan hvetur til) og veikleika (sem lýst er sem ástandi sem Guð „gefur“ okkur).

Við getum skilgreint

veikleika sem takmarkaðan vísdom, kraft og heilagleika, sem fylgir hinu mannlega. Við fæðumst hjálparvana og ósjálfstæð, með ýmsa líkamlega vankanta og hneigðir. Við erum alinn upp af og erum samferða öðrum vanmáttugum jarðneskum mönnum, og kennsla, fordæmi og framkoma þeirra er ófullkomin og stundum beinlínis skaðleg. Í okkar vanmáttuga og jarðneska ástandi upplifum við líkamlega og tilfinningarlega sjúkdóma, hungur og þreytu. Við upplifum mannlegar tilfinningar, líkt og reiði, sorg og ótta. Okkur skortir visku, hæfni, úthald og styrk. Við tökumst á við allskyns freistingar.

Jesús Kristur gekkst undir hið jarðneska ástand til jafns við okkur, þótt hann væri syndlaus (sjá 2 Kor 13:4). Hann fæddist sem hjálparvana barn og var alinn upp af ófullkomnum foreldrum. Hann varð að læra að



GREINA Á MILLI SYNDAR OG VEIKLEIKA

	Synd	Veikleiki
Skilgreining?	Meðvitað óhlýðni við Guð	Mannleg takmörk, misbrestir
Uppruni?	Tæld af Satan	Hluti af okkar jarðneska eðli
Dæmi?	Brjóta meðvitað boðorð Guðs, trúa Satan fremur en Guði	Erum háð freistingum, tilfinningum, ótta, líkamlegum og huglægum sjúkdómum, fávisku, hneigðum, áföllum, dauða
Á við um Jesú?	Nei	Já
Hvernig eigum við að bregðast við?	Iðrun	Auðmýkt, trú á Krist og viðleitni til að sigurs
Hvernig Guð bregst við og endurgeldur?	Fyrirgefning	Náð – virkjandi kraftur
Sem leiðir til?	Hreinsunar af synd	Aukins heilagleika, styrktar

ganga, tala, starfa og umgangast aðra. Hann varð svangur og þreyttur, upplifði mannlegar tilfinningar og gat orðið sjúkur, þjáðst, blætt og dáíð. Hann, sem „freistað var á allan hátt eins og vor en án syndar,“ gekkst undir jarðlífíð, svo hann mætti „kynnast vanmætti“ okkar og vita hvernig *okkur* verður best liðsinnt í vanætti okkar (Hebr 4:15; sjá einnig Alma 7:11–12).

Við getum ekki iðrast af því að vera vanmáttug – og veikleikarnir sjálfir gera okkur ekki óhrein. Við getum ekki vaxið andlega nema við *höfnum* synd, en við getum heldur ekki vaxið andlega nema við *viðurkennum* okkar mannlega vanmáttuga ástand, tökumst á við það í auðmýkt og trú og lærum að treysta Guði í gegnum veikleika okkar. Þegar Moróni kvartaði yfir veikleika sínum í ritmáli, bauð Guð honum ekki að iðrast. Drottinn bauð honum öllu heldur að vera aumjúkur og trúa á Krist. Þegar við erum auðmjúk og trúföst, veitir Guð af náð sinni – ekki fyrirgefningu – til lausnar veikleikum okkar. Í Leiðarvísi að ritningunum er náð skilgreind sem kraftur frá Guði, sem gerir mönnum kleift að gera það sem við getum ekki gert á eigin spýtur (Sjá Leiðarvísir að ritningunum, „Náð“) – og er hin rétta guðlega lausn sem við þurfum að nota til að „láta hið veika verða styrk“ okkar.

Iðka auðmýkt og trú

Allt frá upphafi í kirkjunni er okkur kennt umnaðsynlega þætti iðrunar en hvað þurfum við nákvæmlega að gera til að rækta auðmýkt og trú? Athugið eftirfarandi:

- **Ígrundið og biðjið.** Þar sem við erum vanmáttug, er ekki víst að við áttum okkur á hvort við séum að fást við *synd* (sem krefst tafarlausrar og algjörar breytingar hugafars, hjartalags og verklags) eða *veikleika* (sem krefst auðmýktar, stöðugar vinnu, lærdóms og framfara). Hvernig við greinum þessa þætti getur byggst á uppeldi okkar og þroska. Það getur líka verið að einhver breytni sé bæði synd og veikleiki. Að segja að synd sé í raun veikleiki, er að réttlæta í stað þess að iðrast. Að segja að veikleiki séð synd, getur leitt til sektar, ásökunar og örvæntingar og uppgjafar á lofordum Guðs. Ígrundun og bænagjörð geta hjálpað okkur að greina þarna á milli.
- **Forgangsraða.** Þar sem við erum vanmáttug, þá náum við ekki að breyta öllu í einu. Þegar við tökumst auðmjúk og trúföst á við okkar mannlegu veikleika, fáeina þætti í einu, þá getum við smám saman orðið vitrari, tamið okkur góðar venjur, orðið líkamlega og tilfinningarlega heilbrigðari og þolbetri og aukið traust okkar til Drottins. Guð getur hjálpað okkur að vita hvar byrja skal.
- **Ráðgera.** Þar sem við erum vanmáttug, krefst það meira en réttlátrar þrár að styrkjast og líka mikillar sjálfögðunar. Við þurfum líka að ráðgera, læra af eigin mistökum, þróa betri úrræði, meta áætlun okkar og reyna aftur. Við þurfum hjálp ritningana, viðeigandi hjálparrita og annars fólks. Við byrjum hægt, fögnum

framförum og tókum áhættur (jafnvel þótt við upplifum okkur berskjölduð og vanmáttug). Við þurfum stuðning til að auðvelda okkur að velja það sem gott er, jafnvel þótt við séum þreytt eða kjarklaus, og áætlun um hvernig á að leiðrétta stefnuna, ef okkur verður á.

- **Iðka þolinmæði.** Breytingar geta tekið tíma, því við erum vanmáttug. Við afneitum ekki veikleikum okkar á sama hátt og við afneitum syndinni. Auðmjúkir lærisveinar gera fúslega það sem krafist er, eru þolgóðir, halda áfram að reyna og gefast ekki upp. Auðmýkt gerir okkur kleift að vera þolinmóð við okkur sjálf og aðra, sem líka eru vanmáttugir. Þolinmæði er staðfesting á trú okkar á Drottin, þakklæti fyrir traust hans á okkur og sýnir að við reiðum okkur á loforð hans.

Við verðum áfram vanmáttug, jafnvel þótt við iðrumst synda okkar, hljótum fyrirgefningu og verðum aftur hrein. Við verðum áfram háð sjúkdómum, tilfinningum, fávisku, hneigðum, ótta og freistingum. *Takmarkanir og vangeta eru ekki syndir og koma ekki í veg fyrir að vera hrein og verðug andans.*

Veikleiki að styrkleika

Satan reynir óðfús að nota veikleika okkar til að lokka okkur til syndar en Guð getur notað veikleika manna til að kenna, styrkja og blessa okkur. Þvert á það sem við kunnum að vænta eða vona, þá mun Guð ekki alltaf „láta



**AÐGREININGAR JÁKVÆÐRAR SEKTARKENNDAR (GUÐLEGRAR SORGAR)
OG AUÐMÝKTAR FRÁ GAGNSLAUSRI EFTIRMYND SEKTAR.**

Jákvæð sektarkennd – guðleg sorg vegna syndar.	Trú og auðmýkt – kristileg hógværd í veikleika	Skaðleg sektarkennd – gagnslaus eftirmynd
<p>Við hneigjumst til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Upplifa eftirsjá fyrir að brjóta eigin siðferðisstaðla. • Iðrast, breyta hugarfari, hjartalagi, verklagi. • Vera opin, játa eigin misgjörðir, bæta fyrir. • Vaxa og læra. • Sjá okkur sjálf sem eðlislega góð og dýrmæt. • Þrá að laga eigin breytni að okkar jákvæðu sjálfsmýnd. • Reiða okkur algjörlega á virkjandi kraft friðþægingar Jesú Krists. 	<p>Við hneigjumst til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Finna kyrrláta fullvissu og sjálfssátt. • Taka áhættu til vaxtar og leggja af mörkum. • Taka ábyrgð á mistökum og þrá að bæta sig. • Læra af eigin mistökum og reyna aftur. • Próa góða kímningáfu og njóta lífsins og annarra. • Sjá að eigin veikleikar sameina okkur öðrum. • Vera þolinmóð vegna veikleika og misbresta annarra. • Auka tiltrú á kærleika og hjálp Guðs. 	<p>Við hneigjumst til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Finnast við vera óverðug, vonlítil. • Reyna að hylja veikleika okkar fyrir öðrum. • Óttast að vera berskjölduð. • Ásaka aðra fyrir vanda okkar. • Forðast áhættu, líta á mistök sem auðmýkingu. • Bera okkur saman og keppa við aðra. • Vera í vörn og þrjóska eða kærulaus. • Vera kaldhæðin eða afar alvarleg. • Vera gagnstekinn af mistökum okkar eða yfirburðum. • Óttast höfnun og viðurstyggð Guðs.

hið veika verða styrk“ okkar með því að fjarlægja veikleika okkar. Þegar Páll postuli bað Guð þrúfaldlega um að fjarlægja það sem hann sagði vera „fleinn í holdið,“ sem Satan notaði til að freista hans, þá sagði Guð við Pál: „Náð mín nægir þér; því að mátturinn fullkomnast í veikleika.“ (2 Kor 12:7, 9).

Það er ótal margt sem Drottinn gerir til að „láta hið veika verða styrk.“ Þótt hann kunni að fjarlægja veikleika með þeirri áhrifaríku lækningu sem við vonumst til, þá er mín reynslu sú að það er fremur sjaldgjæft. Ég fæ til að mynda ekki séð neina staðfestingu á því að Guð hafi fjarlægt ritmáls veikleika Morónís, í framhaldi hins kunnuga vers í Eter 12. Guð kann líka að láta hið veika verða styrk okkar með því að hjálpa okkur að vinna í kringum veikleika okkar, sjá þá í réttu gamansömu samhengi eða breyta viðhorfi okkar gagnvart þeim og efla þá smám saman yfir ákveðinn tíma. Styrkleikar og veikleikar eru oft samtvinnaðir (líkt og styrkleikinn þrautseigja og veikleikinn þrjóska) og við getum lært að efla styrkleikann og draga úr veikleikanum sem samtvinnað honum.

Guð gerir líka annað, jafnvel enn áhrifaríkara, til að láta hið veika verða styrk okkar. Drottinn sagði við Moróní í Eter 12:37: „Vegna þess að þú hefur komið auga á veikleika þinn, skalt þú styrkur gjörður, já, til að setjast niður á þeim stað, sem ég hef fyrirbúið í hímýlum föður míns.“

Guð er hér ekki að bjóðast til að breyta veikleika Morónís, heldur til að breyta Moróní sjálfum. Með því að takast á við sinn mannlega veikleika, gat Moróní – og það á líka við um okkur – tileinkað sér kærleika, samúð, gæsku, þolinmæði, hugrekki, langlundargeð, visku, þolgæði, fyrirgefningu, þrautseigju, þakklæti, hugvitssemi og ótal aðrar dyggðir, sem gera okkur líkari föður okkar á himnum. Tilgangurinn með komu okkar til jarðarinnar er að tileinka okkur nákvæmlega þessa eiginleika, þá kristilegu eiginleika sem búa okkur undir hímýli himins.

Hvergi er kærleikur, viska og endurlausnarkraftur Guðs sýnilegri en í mætti hans til að nota baráttu okkar við mannlega veikleika til að gæða okkur ómetanlegum guðlegum dyggðum og styrk, sem gera okkur líkari honum. ■

Höfundur býr í Utah, Bandaríkjunum.





Öldungur
W. Christopher
Waddell

af hinum Sjötíu

HREIN guðrækni

Óeigingjörn þjónusta – að gleyma sjálfum sér, bregðast við þörfum annarra og helga okkur þjónustu við aðra – hefur alltaf einkennt lærisveina Jesú Krists.

Í Matteusarguðspjalli, 11. kapítula, kennir frelsarinn okkur þýðingarmikla lexíu af því sem hann sagði *ekki* er hann svaraði spurningu, sem lærisveinar Jóhannesar skírara lögðu fyrir hann:

„Jóhannes heyrði í fangelsinu um verk Krists. Þá sendi hann honum orð með lærisveinum sínum og spurði:

Ert þú sá, sem koma skal, eða eigum vér að vænta annars?

Jesús svaraði þeim: Farið og kunngjörið Jóhannesi það, sem þér heyrði og sjáið:

Blindir fá sýn og haltir ganga, líkþráir hreinsast og daufir heyra, dauðir rísa upp, og fátækum er flutt fagnaðarerindi.“ (Matt 11:2–5).

Í stað þess að setja fram stutta kenningarlega skýringu um að „hann væri sá sem koma ætti,“ þá svaraði frelsarinn með því að benda á verk sín – fordæmi sitt um þjónustu.

Á aðalráðstefnu í apríl 2014 sagði öldungur Richard G. Scott í Tólfpostulasveitinni: „Við þjónum best föður okkar á himnum með því að hafa réttlát áhrif á aðra og þjóna þeim. Stórkostlegasta fordæmið sem verið hefur á jörðinni er frelsari okkar, Jesús Krstur.“¹

Óeigingjörn þjónusta – að gleyma sjálfum sér, bregðast við þörfum annarra og helga okkur þjónustu við aðra

– hefur alltaf einkennt lærisveina Jesú Krists. Benjamín konungur kenndi líka ríflega 100 árum fyrir fæðingu frelsarans: „Þegar þér eruð í þjónustu meðbræðra yðar, eruð þér aðeins í þjónustu Guðs yðar“ (Mósía 2:17).

Jakob brýnir fyrir okkur að „hrein guðrækni“ sé „að vitja munaðarlausra og ekkna í þrengingu þeirra,“ er við þjónum öðrum (Jakbr 1:27). „Hrein guðrækni“ er meira en trúarjátning. Hún lætur verkin tala.

Elskið samferðafólk ykkar

Í miðjum júlímánuði 1984, aðeins viku eftir að ég og eiginkona mín, Carol, giftum okkur í Los Angeles musterinu í Kaliforníu, vorum við á leið til Utah, þar sem ég hugðist byrja starfsferilinn og Carol ljúka háskólamenntun sinni. Við ókum sitthvorum bílnum. Í bílunum tveimur fluttum við allar okkar eigur.

Þegar við vorum um það bil hálfnuð til Utah, ók Carol upp að hlið bílsins míns og gaf mér bendingu. Þetta var fyrir tíma farsíma og snjallsíma, SMS og Twitter. Ég sá á andlitssvip hennar í gegnum bílrúðuna að henni leið ekki vel. Með handahreyfingu sagðist hún geta haldið akstrinum áfram, en ég hafði áhyggjur af minni nýju brúður.

Pegar við komum að Beaver í Utah ók hún aftur upp að hlið mér og ég sá að hún þurfti að stoppa. Hún var veik og gat ekki haldið áfram. Við vorum með tvo bíla fulla af fötum og brúðargjöfum, en því miður áttum við litla peninga. Við höfum ekki ráð á hótélherbergi. Ég vissi ekki hvað til bragðs átti að taka.

Hvorugt okkar hafði komið áður til Beaver og því ókum við um í nokkrar mínútur, án þess að vita að hverju við leitum, þar til ég sá almenningsgarð. Við lögðum í bílastæði garðsins og fundum skuggsælt tré, þar sem ég breiddi út teppi, svo Carol gæti hvílst.

Fáeinum mínútum síðar kom annar bíll og lagði í næstum autt bílastæðið, við hlið bílanna okkar beggja. Kona nokkur, sem var á svipuðum aldri og mæður okkar, steig út úr bílnum, spurði hvort eitthvað væri að og hvort hún gæti hjálpað. Hún sagðist hafa veitt okkur eftirtekt þegar hún ók hjá og fundið sig knúna til að gæta að okkur. Þegar við sögðum frá aðstæðum okkar, bauð hún okkur þegar að fylgja sér að heimili hennar, þar sem við gætum hvílt okkur eins lengi og við þyrftum.

Við vorum brátt í þægilegu rúmi í svölu kjallaraherbergi á heimili hennar. Þegar við höfum komið okkur fyrir, sagðist þessi dásamlega systir þurfa að sinna nokkrum erindum og að við yrðum ein í nokkra klukkutíma. Hún sagði að ef við værum svöng, væri okkur velkomið að fá okkur það sem við fyndum í eldhúsinu og bað okkur að loka útidyrhurðinni, ef við færum áður en hún kæmi aftur.

Eftir að Carol hafði fengið nauðsynlegan svefn, leið henni betur og við héldum áfram ferð okkar, án þess að fara í eldhúsið. Þegar við fórum, var þessi ljúfa kona enn fjarverandi. Okkur til armæðu, þá gleymdum við að skrifa hjá okkur heimilisfangið hennar og því gátum við ekki þakkað okkar miskunnsama samverja fyrir að hafa stoppað á ferði sinni og opnað heimili sitt fyrir bláókunnugum.

Þegar ég hugsa um þessa reynslu, koma orð Thomas S. Monson forseta í hug mér, sem geyma boð frelsarans um að „fara og gjöra hið sama“ (sjá Lúk 10:37), sem eiga við um alla menn: „Við getum ekki sannlega elskað Guð, ef við elskum ekki samferðafólk okkar í jarðlífinu.“²

Hvenær sem við mætum „samferðafólki“ – á vegum úti eða á heimilum okkar, á leikvellingum eða í skólanum – og leitum, sjáum og bregðumst við, verðum við líkari frelsaranum og blessum og þjónum öðrum í lífsferð okkar.

Leitum

Öldungur Neal A. Maxwell (1926–2004) í Tólfpostula-sveitinni, kenndi:

„Ólíkt okkar hjartfólgni frelsara, þá getum við ekki friðþægt fyrir syndir mannkyns! Við getum vissulega ekki borið alla jarðneska sjúkdóma, veikleika og sorgir (sjá Alma 7:11–12).

Við getum samt, í smærri mæli þó, eins og Jesús hefur boðið, vissulega reynt að verða „alveg eins og [hann] er“ (3 Ne 27:27).“³

Þegar við leitumst við að líkjast honum, af einlægri þrá til að blessa „samferðafólk okkar,“ mun okkur gefast kostur á að gleyma sjálfum okkur og lyfta öðrum. Slík tækifæri geta oft verið óþægileg og reyna á einlæga þrá okkar til að líkjast meira meistararnum, en hin undursamlega þjónusta og friðþæging hans var allt annað en þægileg. „Dýrð sé föðurnum eigi að síður,“ sagði hann, „og ég tæmði [bikarinn] og lauk undirbúningi mínum fyrir mannanna börn“ (K&S 19:19).

Þegar við leitumst við að líkjast frelsaranum meira, geta augu okkar opnast fyrir því sem við sáum ekki áður. Miskunnsami samverjinn okkar var nægilega næmur fyrir andanum til að bregðast við hugboði hans og hjálpa ókunnugum í neyð.

Sjáum

Að sjá með hinu andlega auga, er að sjá hlutina eins og þeir eru í raun og hina viðvarani neyð, sem við hefðum ekki tekið eftir að öðrum kosti. Í dæmisögunni um sauðina og hafrana, höfðu hvorki hinir „blessuðu,“ né hinir „bölvuðu“ séð frelsarann í þeim sem voru hungraðir, þyrstir, naktir eða í fangelsi. Við þessu lofi sögðu þeir: „Hvenær sáum vér þig?“ (Sjá Matt 25:34–44).

Aðeins þeir sem sáu með hinu andlega auga sá neyðina og brugðust við til að hjálpa þeim sem þjáðust. Miskunnsami samverjinn okkar sá neyðina með hinu andlega auga.

Bregðumst við

Við kunnum að sjá neyðina umhverfis, en teljum okkur ekki nægilega í stakk búin til að bregðast við og að framlag okkar sé ekki nægjanlegt. Þegar við leitumst við að verða eins og hann er, og sjáum neyð samferðafólks okkar, verðum við að reiða okkur á að Drottinn noti okkur og síðan að bregðast við.

Þegar Pétur og Jóhannes gengu upp í helgidóminn sáu þeir þar mann sem verið hafði „lami frá móðurlífi,“ er það þá ölmusu (sjá Post 3:1–3). Svar Péturs er sérhverju okkar boð og fordæmi:

„Silfur og gull á ég ekki, en það sem ég hef, það gef ég þér: Í nafni Jesú Krists frá Nasaret, statt upp og gakk!

Og hann tók í hægri hönd honum og reisti hann upp“ (Post 3:6–7).

Við getum brugðist við með því að gefa af tíma og hæfileikum okkar, mæla ljúf orð eða ljá breitt bak. Þegar við leitum og sjáum, verðum við leidd í aðstæður þar sem við getum brugðist við og blessað aðra. Okkar miskunnsami samverji brást við. Hún fór með okkur heim til sín og bauð okkur það sem hún átti. Hún sagði í raun: „Til endurgjalds á öllu því sem á ég til, þá gef ég þér.“ Það var einmitt það sem við þurftum.

Monson forseti kenndi þessar sömu reglur:

„Hvert okkar mun fara um eigin veg til Jeríkó í jarðlífsferð okkar. Hvað munið þið gera? Hvað mun ég gera? Mun ég ganga fram hjá þeim sem féll í hendur ræningjum og þarfnast minnar hjálpar? Munið þið gera það?

Mun ég sveigja fram hjá er ég sé hinn slasaða og heyri neyðarkall hans? Munið þið gera það?

Mun ég fremur vera sá sem sér, heyrir, staldrar við og hjálpar? Munið þið gera það?

Jesús vísaði okkur veginn: „Far þú og gjör hið sama.“ Þegar við förum að þessu boði, mun ljúkast upp fyrir okkur eilíf víðsýni og óviðjafnanleg gleði.“⁴

Þegar við líkjumst meira frelsaranum, með því að leita, sjá og bregðast við, mun sannleikur þessara orða Benjamíns konungs taka að ljúkast upp fyrir okkur: „Þegar þér eruð í þjónustu meðbræðra yðar, eruð þér aðeins í þjónustu Guðs yðar.“ (Mósía 2:17). ■

HEIMILDIR

1. Richard G. Scott, „Ég hef gefið yður eftirdæmi,“ *Aðalráðstefna*, apríl 2014, 32.
2. Thomas S. Monson, „Kærleikur – kjarni fagnaðarerindisins,“ *Aðalráðstefna*, apríl 2014, 91.
3. Neal A. Maxwell, „Apply the Atoning Blood of Christ,“ *Ensign*, nóv. 1997, 22.
4. Thomas S. Monson, „Your Jericho Road,“ *Ensign*, maí 1977, 71.

LEITIÐ AF KOSTGÆFNI

SJÁIÐ MEÐ HINU ANDLEGA AUGA

BREGÐIST VIÐ TIL AÐ BLESSA





신소프신
우쿠슬하

없기되소



„Ver hjá mér HVERJA STUND“

Þegar við vissum ekki hvað meira við gátum kennt, lagði félagi minn til að við myndum syngja þennan sálm.

Jonathan H. Westover

Á ánægjulegu sunnudagsíðdegi í trúboði mínu í Balsan, Kóreu, þegar ég og félagi minn kvöddum meðlimina eftir kirkju og vorum í þann mund að fara út til að boða trúna, kynnti trúboðsleiðtogi deildarinnar okkur fyrir 12 ára gömlum dreng að nafni Kong Sung-Gyun. Hann hafði komið í kirkju þann dag og vildi læra meira um fagnaðarerindið.

Við vorum auðvitað fullir tilhlökkunar yfir að kenna honum en ég var svolítið óöruggur að kenna svo ungum pilti. Við ákváðum að vera vissir um að hafa leyfi foreldra hans, svo ég hringdi heim til Kong Sung-Gyun og ræddi stuttlega við móður hans, Pak Mi-Jung. Það kom mér á óvart að hún sagðist gleðjast yfir að sonur hennar væri að hugsa um að sækja kirkju og að það væri henni ánægja að fá okkur í heimsókn til að kenna honum.

Óvæntir trúarnemar

Daginn eftir fórum við heim til pilsins, undir það búnir að kenna. Það kom okkur enn meir á óvart að komast að því að Pak Mi-Jung vildi að við kenndum líka dóttur hennar, Kong Su-Jin. Þar sem við vorum gestir á heimilinu, vildi Pak Mi-jung sitja hjá okkur meðan við kenndum. Við vorum auðvitað glaðir yfir að kenna öllum sem vildu hlýða á okkur.

Eftir að þau höfðu boðið upp á veitingar, settumst við niður og byrjuðum að ræða saman. Pak Mi-Jung vildi kynna okkur aðeins betur, fremur en að hefja kennsluna þegar í stað, og segja örlítið frá fjölskylduhögum þeirra. Hún sagði okkur frá nýlegum erfiðleikum þeirra og áþján, þar með talið nýafstaðinni baráttu sonar hennar við krabbamein. Hann hafði farið í gegnum geislameðferð með góðum árangri og krabbameinið var í rénun, en lækknirinn sagði það geta blossað upp aftur hvenær sem væri. Þetta var fjölskyldunni afar þungbært. Þau voru verkamanna fjölskylda og faðirinn á heimilinu þurfti að vinna afar mikið, aðeins til að hafa þak yfir höfuðið og mat á borði.

Ég varð orðlaus og sorgmæddur yfir erfiðleikum þeirra. Lífið hafði ekki verið þeim auðvelt, en samheldnin í fjölskyldunni var mun meiri en ég hafði orðið vitni að í öðrum fjölskyldum sem ég hafði kynnst í Kóreu, sem segir heilmargt, þar sem Kórea er fjölskylduvænt samfélag. Við yfirgáfum heimili þeirra þetta kvöld, eftir að hafa kynnst þessari fjölskyldu betur og miðlað henni boðskap fagnaðarerindisins.

Ég og félagi minn fórum aftur nokkrum sinnum til að kenna þeim í þessari sömu viku og fundum sama

hlýleikann og örlætið og í fyrstu heimsókninni. Þegar að því koma að rætt var um skírn, þá vildu bæði systkinin ólm ganga í kirkjuna. Móðir þeirra var þó ekki jafn áhugasöm. Þótt kenningar okkar höfðuðu til hennar og hún vonaði að þær væru sannar, fannst henni hún ekki geta gert og staðið við þær skuldbindingar sem aðild að kirkjunni krafðist. Henni fannst það líka ekki viðeigandi fyrir sig að láta skírast án eiginmanns síns, sem við höfðum enn ekki kynnst. Hún var þó afar fús til að halda áfram að hitta okkur og líka fara í kirkju með börnunum sínum.

Í lok annarrar viku, eftir að hafa kennt oft á heimili hennar, hittum við eiginmann hennar, Kong Kuk-Won – sem var auðmjúkur, vingjarnlegur og örlátur maður. Hann var með okkur í síðustu fáeinum lexíunum og fannst strax allt rétt sem við kenndum, líka þær kenningar sem sumum finnst oft erfitt að meðtaka, líkt og tíundin og Vísdomsörðið. Þótt þau væru blásnauð og fátæk, hófu þau að greiða tíund. Eina hindrun heimilisföðurins var sú að hann þurfti að vinna á sunnudögum. Hann starfaði á alþjóðaflugvellinum í Seoul alla sunnudaga og því var honum fyrimunað að koma í kirkju með fjölskyldu sinni. Þrátt fyrir vinnutíma hans, ráðgerði hann og eiginkona hans að vera viðstödd skírn barna sinna á komandi sunnudegi.

Eftir skírn barnanna, komum við oft saman á heimili fjölskyldunnar. Við höfðum fjölskyldukvöld, lásum í ritningunum, sögðum uppbyggjandi reynslusögur og kynntum þau fyrir meðlimum deildarinnar. Foreldrarnir voru samt ekkert nær því að skírast, þótt þau lærðu áfram um fagnaðarerindið.

Á meðan á þessu stóð var félagi minn færður til og nýi félagi minn kom beint frá trúboðsskólanum. Hann var uppnuminn í trú, orkumikill og áhugasamur og í fullri einlægni þá átti ég erfitt með að fylgja honum eftir. Eftir að ég og félagi minn höfðum hitt Kong Kuk-Won og Pak Mi-Jung í fáein skipti, kom hann að máli við mig og spurði hvort ég og fyrri félagi minn höfðum fastað með þeim. Það höfðum við ekki gert. Sú hugsun hafði í raun ekki hvarflað að mér. Við hittum því fjölskylduna



Andinn var sterkur í herberginu þegar við sungum síðasta stefið. Pak Mi-Jung horfði beint framan í mig og sagði: „Ég þarf að láta skírast.“

og lögðum til að við föstuðum saman. Það kom mér algjörlega á óvart að komast að því að þau hefðu fastað sjálf með reglubundnu millibili, bæði fyrir heilsu sonar þeirra og breyttum vinnutíma, svo Kong Kuk-Won gæti sótt kirkju. Eftir að ég og félagi minn sameinuðust þeim í föstu, vorum við bænheyrd og breyting varð á vinnutíma Kong Kuk-Won. Pak Mi-Jung var hins vegar ósveigjanleg að láta skírast.

Innblásin hugmynd

Félagi minn kom þá fram með aðra snilldarhugmynd. Hann fór í vasann, dró upp vasasálmabók og spurði hvort

við mættum syngja með þeim. Þótt við hefðu áður sungið saman, þá hafði ég aldrei heyrt Pak Mi-Jung taka undir og hélt því að hún nyti þess ekki að syngja eða finndist það óþægilegt, því sálmarnir væru henni ókunnugir. Félagi minn spurði hvort hún ætti sér einhvern eftirlætis sálm og mér til mikillar furðu, þá varð hún hrærð og svaraði að allt frá unga aldri, sem telpa, hefðu eftirlætissálmur hennar verið „Ver hjá mér hverja stund“ (*Sálmar*, nr. 31). Við hófum að syngja fjórraddað, faðirinn laglínuna, móðirin altrödd, félagi minn tenór og ég bassa.

Andinn var sterkur í herberginu. Þegar við sungum þriðja stefið, yfirbuguðu tilfinningar hana og hún hætti að syngja meðan við hin héldum áfram.

*Ver hjá mér hverja stund,
í hjartans gleði og sorg,
því annars er mér líf,
sem auð og lokuð borg.
Ver hjá mér, ó, ver hjá mér,
ver hér hverja stund.
Ó, kærleiksríki Kristur,
ég kem á þinn fund.*

Þegar við sungum fjórða og fimmta stefið, var hún snöktandi. Þegar eiginmaður hennar reyndi að hugga hana, náði hún loks stjórn á sjálfri sér. Hún horfði beint framan í mig og sagði: „Ég þarf að láta skírast.“

Skírmarathafnir Kong Kuk-Won og Pak Mi-Jung, á þessu sunnudagssíðdegi, voru þær andlegustu í trúboðinu mínu. Börnin þeirra tóku þátt í dagskránni og fjöldi meðlima á svæðinu var viðstaddur til að styðja þessa nýju fjölskyldu í deildinni. Ég og félagi minn fluttum sérstakt tónlistartriði: „Ver hjá mér hverja stund.“

Svo kom að því að ég lauk trúboðinu og fór heim. Eftir eitt ár í framhaldsskóla, fór ég aftur til Kóreu til sumarstarfsnáms og hverja helgi einsetti ég mér að heimsækja hina mörgu kærú vini og fjölskyldur sem ég hafði kynnst í trúboðinu. Að nokkrum vikum liðnum fór ég aftur til Balsan og hitti aftur þessa kærú fjölskyldu. Þegar ég kom á heimilið þeirra, tók ég eftir að einn vantaði – sonur þeirra var þar ekki. Tárivot í augum, sagði Pak Mi-Jung mér þau sorgartíðindi að krabbamein sonar þeirra hefði aftur blossað upp þegar hann var 14 ára og að hann hefði látið í minni pokann í þeirri baráttu.

Þegar ég reyndi að tjá þeim samúð mína og jafnfram takast á við sorgina sem ég fann fyrir, fullvissaði Kong Kuk-Won mig um að allt færi vel. Þau elskuðu fagnaðarerindið, sóttu kirkju af trúmennsku og hlökkuðu til þess dags að geta innsiglast saman sem fjölskylda um eilífð í Seoul musterinu í Kóreu. Þrátt fyrir hina miklu sorg fjölskyldunnar, þá vissu þau að þau myndu aftur sjá Kong Sung-Gyun og verða sameinuð að nýju. Pak Mi-Jung sagði mér líka að daglegur sálmasöngur, hjálpaði henni að finna styrk og takast á við sorgina og finna þann frið sem andinn færir.

Þegar ég fór frá heimili þeirra um kvöldið, hugsaði ég aftur um texta eftirlætis sálms Pak Mi-Jung. Ég er þakklátur fyrir að himneskur faðir hafi blessað fjölskylduna með friði, eftir að Kong Sung Gyun féll frá, og einkum fyrir hlutverk andans í trúarumbreytingu Park Mi-Jung, sem gerði fjölskyldunni kleift að taka á móti eilífum blessunum mustersins. ■
Höfundur býr í Utah, Bandaríkjunum.

SÁLMAR HUGHREYSTA OG DRAGA ÚR SORG

„Sumar bestu prédikanirnar eru fluttar með sálmasöng. Sálmar hvetja okkur til iðrunar og góðra verka, styrkja vitnisburð og trú, hughreysta vondaufa og þreytta, hugga syrgjendur og hvetja okkur til að standast allt til enda.“

„Formáli Æðsta forsætisráðsins,” *Sálmar*, ix.



Boyd K. Packer
forseti
forseti Tölpóstula-
sveitarinnar

Hin óeigingjarna og helga fórn frelsarans

Drottinn er ætíð til staðar. Hann þjáðist og greiddi gjaldið og ef við erum fús, þá getum við tekið á móti honum sem frelsara okkar.

Við lifum öll á andlegum yfirdrætti. Sá yfirdráttur hækkar stöðugt, á einn eða annan hátt. Ef við greiðum hann smám saman upp, höfum við lítið að óttast. Okkur lærist brátt að aga okkur sjálf og verður ljóst að dagur reikningsskila er fyrir höndum, Greiðið reglubundið inn á ykkar andlega reikning, fremur en að safna vöxtum og sektum.


Þess er vænst að ykkur verði á mis-tök, þar sem þið takist á við prófraun. Ég vænti þess að þið hafið gert eitthvað í lífinu sem þið sjáið eftir, eitthvað sem þið



getið jafnvel ekki beðist afsökunar á og því síður leiðrétt og þess vegna hvílir byrði á ykkur. Í þessu samhengi nota ég orðið *sektarkennd*, er líkja má við blekflekk, sem ekki þvæst svo auðveldlega úr. Vonbrigði og úrtölu, eftirsjá glataðra blessana og tækifæra

eru fylgifiskar sektarkenndar.

Ef þið takist á við sektarkennd, er líkt á komið með ykkur og fólkinu í Mormónsbók, sem spámaðurinn sagði um: „Vegna misgjörða þeirra tók kirkjunni að hnigna, og að þeim sótti efi um spádómsandann og anda opinberunar.



Og dómar Guðs blöstu við þeim.“
(Helaman 4:23).

Oft reynum við að léttja sektarkennd okkar með því að telja sjálfum okkur og öðrum trú um að misgjörðin skipti ekki máli. Einhvers staðar djúpt hið innra trúum við þessu samt ekki. Við trúum okkur sjálfum ekki heldur, þegar við segjum það. Við vitum betur. Hún skiptir máli!

Spámenn hafa ávallt hvatt til iðrunar. Alma sagði: „Sjá. Hann kemur til að endurleysa þá, sem vilja láta skírast iðrunarskírni í trú á nafn hans“ (Alma 9:27).

Alma sagði afdráttarlaust við son sinn: „En iðrun gat ekki fallið í hlut mannanna nema til væri refsing, sem einnig væri eilíf á sama hátt og líf sálarinnar yrði, fasttengd, andstæða sæluáætlunarinnar, sem einnig var jafn eilíf og líf sálarinnar“ (Alma 42:16).

Megin tilgangur jarðlífsins er tvíþættur. Í fyrsta lagi að hljóta efnislíkama, sem hægt er að hreinsa og upphefja og átt getur ævarandi tilveru, ef við viljum það. Í öðru lagi að takast á við prófraun. Okkur verður vissulega á mistök í þeirri prófraun. Við getum samt lært af mistökum okkar, ef við viljum það. „Ef vér segjum: Vér höfum ekki syndgað, þá gjörum vér hann að lygara og orð hans er ekki í oss“ (1 Jóh 1:10).

Kannski finnst ykkur þið óæðri í huga og líkama og eruð þjökkuð og byrðum hlaðin, af einhverju sem á hinum andlega reikningi er merkt „fram yfir eindaga.“ Þegar þið horfist í augu við sjálf ykkur á hljóðum stundum íhugunar (sem mörg okkar reyna að forðast), er þá eitthvað sem angrar og

enn er óleyst? Er eitthvað sem nagar samviskuna? Eruð þið enn, að einhverju marki, full sektar yfir stóru eða smáu?

Of oft berast okkur bréf frá þeim sem hafa gert alvarleg mistök og eru byrðum hlaðnir. Þau sárþæna: „Er hægt að fyrirgefa mér? Get ég einhvern tíma breyst?“ Svárið er já!

Páll ritaði Korintubúum: „Þér hafið ekki reynt nema mannlega freistingu. Guð er trúr og lætur ekki freista yðar um megn fram, heldur mun hann, þegar hann reynir yður, einnig sjá um, að þér fáíð staðist“ (1 Kor 10:13).

Fagnaðarerindið kennir að hljóta megi lausn frá vanlíðan og sektarkennd með því að iðrast. Að undanskildum hinum fáu – hinum örfáu – sem falla í glötun, eftir að hafa tekið á móti fyllingu, þá er enginn ávani, uppreisn, synd eða misgjörð, smá eða stór, sem ekki fellur undir lofordið um algjöra fyrirgefningu. Hvað sem átt hefur sér stað í lífi ykkar, þá hefur Drottinn búið ykkur leið til að koma til baka, ef þið viljið hlusta á hugboð heilags anda.

Sumir eru haldnir brýnni þörf, freistingu sem stöðugt herjar á hugann, sem getur valdið ávana og síðar ánetjun. Við hneigjumst til sumra synda og misgjörða og teljum okkur líka trú um sektarleysi, því þannig erum við jú úr garði gerð. Við komumst í sjálfheldu og upplifum þannig vanlíðan og sektarkennd, sem aðeins frelsarinn fær leyst okkur undan. Það er í ykkar valdi að segja hingað og ekki lengra og taka á móti endurlausn.

Fjölskyldan sætir árásum Satans

Marion G. Romney forseti (1897–1988) sagði eitt sinn við mig: „Segðu þeim ekki aðeins svo þau skilji, heldur líka svo þau misskilji ekki.“

Nefi sagði: „Því að sál mín hefur unun af hreinskilni, því að eftir hennar leiðum vinnur Drottinn Guð meðal manna barna. Því að Drottinn Guð veitir skilningnum ljós“ (2 Ne 31:3).

Hlustið því vel á! Ég tala af hreinskilni, líkt og sá sem er kallaður og ber skylda til þess.

Þið vitið að til er óvinur. Þannig er hann skilgreindur í ritningunum: „Þessi gamli höggormur, hann, sem er djöfullinn og faðir allra lyga“ (2 Ne 2:18). Í upphafi var honum varpað niður (sjá K&S 29:36–38) og neitað um efnislíkama. Hann hefur svarið þess eið að eyðileggja „hina miklu sæluáætlun“ (Alma 42:8) og að verða óvinur alls réttlætis. Hann beinir árásum sínum að fjölskyldunni.

Þið eruð uppi á þeim tíma er klámplágan breiðist út um heiminn. Henni er erfitt að komast undan. Klámið beinist gegn þeim eðlislæga hluta ykkar sem gefur ykkur kraft til að skapa líf.

Skoðun klámefnis leiðir til erfiðleika, hjónaskilnaðar, sjúkdóma og hvers kyns vandamála. Enginn þáttur þess er skaðlaus. Að safna því, skoða það eða hafa það undir höndum, er líkt og að hafa skröltorm í bakpokanum. Varnarleysið gagnvart hinu óhjákvæmilega eittraða og banvæna biti snáksins jafngildir hinni andlegu skaðsemi klámsins. Auðskiljanlegt er, eins og heimurinn er orðinn, að það getur næstum græskulaust birst ykkur til lestrar, skoðunar eða áhorfs, án þess að þið fáið áttað ykkur á hræðilegri skaðsemi þess. Ef þetta á við um ykkur,



Það er aðeins einn í sögu alls mannkyns sem verið hefur algjörlega syndlaus og hefur lausn á syndum og misgjörðum alls mannkyns.

látið þá af því. Látið strax af því!

Í Mormónsbók segir að allir „menn [séu] nægjanlega uppfræddir til að þekkja gott frá illu“ (2 Ne 2:5). Það á líka við um ykkur. Þið vitið hvað er rétt og hvað rangt. Gætið vandlega að því að fara ekki yfir mörkin.

Þótt hægt sé að játa flest mistök einslega frammi fyrir Drottni, þá eru sumar syndir þess eðlis að meira er krafist af okkur til að hljóta fyrirgefningu. Ræðið við biskup ykkar, ef ykkur hefur orðið alvarlega á. Að öðrum kosti nægir hefðbundin og auðmjúk bænarátt. Hafið þó í huga að ekki er víst að hin dásamlega dagrenning fyrirgefningar hljótist í einni svipan. Ef þið missið fótana, gefist þá ekki upp. Að sigrast á hindrunum og úrtölum, er hluti af prófrauninni. Gefist ekki upp. Líkt og ég hef áður sagt, þegar þið hafið loks játað og sagt skilið við syndir ykkar, lítið þá ekki um öxl.

Frelsarinn þjáðist fyrir syndir okkar

Drottinn er ætíð til staðar. Hann þjáðist og greiddi gjaldið og ef við erum fús, þá getum við tekið á móti honum sem frelsara okkar.

Við, sem jarðneskar verur, fáum hvorki, né getum skilið að fullu *hvernig* frelsarinn fékk uppfyllt friðþægingarförn sína. Eins og er skiptir minna máli að vita *hvernig* hann þjáðist, heldur en að vita *afhverju* hann þjáðist. Afhverju hann gerði þetta fyrir mig og þig, fyrir allt mannkynið. Hann gerði þetta sökum elsku til Guðs föðurins og alls mannkyns. „Enginn á meiri kærleik en þann að leggja líf sitt í sölnurnar fyrir vini sína“ (Jóh 15:13).

Í Getsemane fór Kristus afsíðis frá postulum sínum til að biðjast fyrir. Við fáum ekki skilið

það sem þar gerðist! Við vitum samt að hann gerði friðþæginguna að veruleika. Hann var fús til að taka á sig syndir, misgjörðir, sekt, efasemdir og ótta alls heimsins. Hann þjáðist fyrir okkur, svo við þyrftum ekki að þjást. Margir menn hafa þolað miklar þjáningar og sársaukafullan og hræðilegan dauða. Þjáningar hans taka þeim öllum fram.

Sökum aldurs hef ég kynnst líkamlegum sársauka, sem er hreint ekkert grín! Engin fer í gegnum þetta líf án þess að kynnst einhverri þjáningu. Ég fæ hins vegar ekki borið þá þjáningu þegar ég hef uppgötvað að hafa orðið valdur að þjáningu annars. Í því samhengi fæ ég í örlitlum mæli skilið þjáningarnar sem frelsarinn upplifði í Getsemanegarðinum.

Þjáningar hans voru ólíkar öllum öðrum, fyrir og síðar, því hann tók á sig alla þá refsingu sem lögð hafði verið á mannkynið. Hugsid ykkur það! Hann var skuldlaus! Hann hafði ekkert rangt gert! Hann upplifði engu að síður alla samanlagða sekt manna, sorg þeirra og sársauka og auðmýkingu; allar hugrænar, tilfinningalegar og líkamlegar þjáningar sem menn fá þekkt – hann upplifði þetta allt. Það er aðeins einn í sögu alls mannkyns sem verið hefur algjörlega syndlaus og hefur lausn á syndum og misgjörðum alls mannkyns og hefur þolað sársaukann sem fylgir því að gjalda fyrir það.

Hann kynnti sig og sagði í raun: „Það er ég, sem tek á mig syndir heimsins“ (Mósía 26:23). Hann var krossfestur; hann dó. Þeir höfðu ekki vald til að taka líf hans. Hann ákvað sjálfur að deyja.

Algjör fyrirgefning er möguleg

Ef þið hafið hrasað eða villst frá um stund, ef ykkur finnst óvinurinn hafa á ykkur tangarhald, getið þið haldið áfram í trú og hætt að reika fram og aftur í heiminum. Þeir eru til sem fúslega vilja leiða ykkur aftur til öryggis og friðar. Náð Guðs, líkt og lofað er í ritningunum, veitist „að afloknu öllu, sem vér getum gjört“ (2 Ne 25:23). Það er mér afar dýrmætt að þekkjá sannleikann um að þetta sé mögulegt.

Ég heiti ykkur að hin dásamlega dagrenning fyrirgefningar mun koma. Þá mun „friður Guðs, sem er æðri öllum skilning,“ (Fil 4:7) fylla líf ykkar aftur, líkt og dagrenning, og þið og hann „ekki framar minnst syndar [ykkar]“ (Jer 31:34). Hvernig vitið þið það? Þið munið vita það! (Sjá Mósía 4:1–3.)

Þetta er það sem ég segi við þá sem búa við vanda. Hann mun bregðast við og leysa það sem þið fáid ekki leyst, en þið verðið að reiða fram gjaldið. Þetta getur ekki orðið án þess að það sé gert. Hann er afar mildur stjórnandi, að því leyti að hann hefur greitt hið nauðsynlega gjald, en hann krefst þess að þið gerið það sem ykkur ber, jafnvel þótt það sé sársaukafullt.

Ég elska Drottin og föðurinn, sem sendi hann. Við getum komið með byrði vonbrigða, synda og sektarkenndar fram fyrir Drottin og sökum hans gjöfulu skilmála, er hægt að merkja „greitt að fullu“ við hvern lið á reikningi okkar.

„Komið, eigumst lög við! segir Drottinn. Þó að syndir yðar séu sem skarlat, skulu

þær verða hvítar sem mjöll. Þó að þær séu rauðar sem purpuri, skulu þær verða sem ull.“ Sem getur orðið, segir í Jesaja, „ef þér eruð auðsveipir og hlýðnir“ (Jes 1:18–19).

Komið til hans

Ritningin sem segir: „Lærðu visku á unga aldri. Já, lærðu á unga aldri að halda boðorð Guðs,“ (Alma 37:35) er boð sem bundið er loforðinu um öryggi og frið gegn óvininum. „Lát engan líta smáum augum á æsku þína, en ver fyrirmynd trúaðra, í orði, í hegðun, í kærleika, í trú, í hreinleika“ (1 Tím 4:12).

Gerði ekki ráð fyrir að líf ykkar gangi alltaf snurðulaust fyrir sig. Þau ykkar sem hagið lífi ykkar eins og vera ber, getið reyndar stundum upplifað andstæðuna. Takist á við hverja lífsins áskorun af bjartsýni og fullvissu og þið munið hafa frið og trú ykkur til styrktar nú og á komandi tíð.

Við þau ykkar sem enn ekki njótið allra þeirra blessana sem þið viljið og óskið ykkur, segi ég að ég trúi staðfastlega að ykkur, sem lifið verðuglega, verði ekki neitað um neina lífsreynslu sem nauðsynleg er til endurlausnar og sálhjálp. Verið verðug, vonglöð, þolinmóð og bænheit. Allt fer vel að lokum. Gjöf heilags anda mun vera leiðandi í verkum ykkar og athöfnum.

Ef þið takist á við sektarkennd, vonbrigði eða dapurleika sökum mistaka sem þið hafið gert eða blessana sem enn hafa ekki hlotist, lesið þá hinn hughreystandi texta í sálminum „Kom þú til Jesú“:

*Kom þú til Jesú, þjakaður þunga,
þrekaður syndabyrðunum frá.*



*Við getum komið
með byrði von-
brigða, synda og
sektarkenndar
fram fyrir Drottin
og sökum hans
gjöfulu skilmála,
er hægt að merkja
„greitt að fullu“
við hvern lið á
reikningi okkar.*

*Hann mun þig leiða til himna sinna,
heim þar sem hvíld er að fá.*

*Kom þú til Jesú, hann er þinn hirðir,
hart þó þú villist um myrkan geim.
Elska hans leitar, leiðir úr sorta
ljóssins í dýrðina heim.*

*Kom þú til Jesú, víst mun hann heyra,
hafir þú leitað kærleika hans.
Veist þú þá eigi! Englar þig vernda,
englar frá himinsdýrð hans.¹*

Ég staðfesti að ég er, ásamt bræðrum mínum, postulunum, sérstakt vitni Drottins Jesú Krists. Það vitni staðfestist enn frekar í hvert sinn er ég upplifi í sjálfum mér eða öðrum hreinsandi kraft friðþægingarfórnar hans. Vitnisburður minn og bræðra minna er sannur. Við þekkjum Drottin. Hann er ekki ókunnugur spámönnum, sjáendum og opinberurum sínum.

Ég fæ skilið að þið eruð ekki fullkomin, en þið þokist áfram á þeim vegi. Verið hugrökk. Vitið að hver sá sem hefur líkama er máttugri en sá sem ekki hefur hann.² Satan var neitað um líkama, svo ef ykkur er freistað á einhvern hátt, vitið þá að þið getið sigrast á freistingunni, ef þið notið sjálfræðið, sem veitt var Adam og Evu í garðinum og hefur viðhaldist allt fram til ykkar kynslóðar.

Ef þið horfið vonglöð til framtíðar og þráið að gera það sem Drottinn óskar af ykkur – er það allt sem vænst er af ykkur. ■

Úr trúarræðu: „Truths Most Worth Knowing.“ Flutt í Brigham Young háskóla, 6. nóv. 2011. Hér má lesa alla ræðuna á ensku: speeches.byu.edu.

HEIMILDIR

1. Sjá „Kom þú til Jesú,“ *Sálmar*, nr. 40.
2. Sjá *Kenningar forseta kirkjunnar: Joseph Smith* (2007), 211.

SYNGIÐ YKKAR EFTIRLÆTIS SÁLM

Ég hafði rétt áður fætt dóttur okkar, Rebekah, í heiminn. Hríðarnar höfðu verið sárar og ég var örmagna.

Pegar mér var færð Rebekah í fangið, fann ég afar sterka tilfinningu um að ég ætti að syngja eftirlætis sálminn minn: „Guð barnið eitt ég er“ (*Sálmur*, nr. 112). Ég hugsaði fyrst: „Nei, ég er allt of þreytt. Ég syng fyrir hana seinna.“ Þá kom hugsunin aftur. Ég tók því að syngja fyrsta stefið, þótt ég væri úrvinda. Eiginmaður minn og móðir mín tóku undir með mér.

Pegar við höfðum sungið sálminn, fann ég sérstaka tilfinningu í herberginu. Meira að segja lækurinn, sem fram að þessu hafði verið fagmannlegur og fremur fámáll, felldi tár á vanga. Hún þakkaði okkur fyrir að hafa sungið þennan fallega sálm. Hún sagðist aldrei hafa upplifað slíkar

tilfinningar á öllum þeim árum sem hún hefði tekið á móti börnum.

Ég hugsaði um þessa reynslu og velti fyrir mér hvort ég ætti að finna upp-töku með sálminum og færa henni. Því miður gleymdi ég þessu sökum anna.

Skoðunardagur eftir barnsburð rann síðan upp. Þegar lækurinn kom inn í herbergið, lifnaði yfir henni og hún faðmaði mig að sér. Hún sagði sönginn hafa festst í huga sér og að hún hefði jafnvel reynt að finna hann á netinu, til að syngja hann fyrir börnin sín. Á þeirri stundu minnti heilagur andi mig á að ég hefði átt að finna og færa henni sönginn. Ég lofaði að koma með sönginn í vikunni til hennar.

Um kvöldið baðst ég fyrir um hjálp við að finna söngútsetningu sem hentaði henni best. Daginn eftir

pantaði ég geisladisk með söngnum. Þegar hann kom nokkrum dögum síðar, beið ég þess spennt að færa henni hann.

Hún var uppnuminn yfir gjöfnni og þakkaði mér fyrir. Hún sagðist ekki vita ástæðuna fyrir vísit, en henni fyndist afar mikilvægt að miðla börnum sínum söngnum. Í samtali okkar sagði ég henni ekki aðeins frá því hve söngurinn væri mér kær, heldur gaf ég líka vitnisburð minn um hinn einfalda sannleika sem hann kennir.

Pegar ég ók heim þennan dag, skynjaði ég kærleika himnesks föður til einnar dætra sinna – lækisins. Hann þekkir og elskar hana, og þráir að hún viti líka að hún geti lifað hjá honum að nýju. ■

Angela Olsen Center, Ohio, Bandaríkjunum

Lækurinn, sem fram að þessu hafði verið fagmannlegur og fremur fámáll, felldi tár á vanga, eftir að við höfum sungið sönginn.



Afhverju vakir himneskur faðir ekki „ættíð“ yfir okkur og aðvarar okkur?



LOFORÐIÐ HANS UM ÆTTÍÐ

Þegar ég sat á sakrementissamkomu og íhugaði bænina yfir brauðinu, hljómuðu þessi orð stöðugt í huga mér: „Svo að andi hans sé ættíð með þeim“ (Moró 4:3; K&S 20:77).

„Ættíð“ var staðhæft – en ekki á ákveðnum stundum. Afhverju höfðum við, ég og eiginmaður minn, þá ekki fengið hugboð um að vernda hinn 11 ára gamla son okkar áður en hann lést í reiðhjóra-bílslysi? Afhverju vakir himneskur faðir ekki „ættíð“ yfir okkur og aðvarar okkur?

Ég hafði lært í Barnafélaginu og trúði að heilagur andi verndaði okkur. Að með sinni kyrrlátu og hljóðu rödd vakti hann yfir okkur og leiðbeindi og aðvaraði okkur gegn hættum. Þessi hugsun hafði verið með mér frá láti Bens. Ég saknaði hans afar mikið og þráði aukinn skilning og frið.

Hvar var mín aðvörunarrödd? Hvar

var heilagur andi? Mér fannst við gera okkar besta til að vera réttlát. Við greiddum tíund, sóttum samkomur og þjónuðum þegar við vorum beðin þess. Við vorum langt frá því að vera fullkomin en við höfðum fjölskyldukvöld og ritningarnám. Við reyndum eins og gátum.

Um þetta leyti var ég á fundi Líknarfélagsins þegar kennarinn sagði sögu um konu sem var skyld henni. Konan beið við stöðvunarljós með börnin sín og fann sig knúna til að bíða áfram þótt ljósið breyttist í grænt. Hún hlustaði á hugboðið og næstum um leið kom stór flutningabíll æðandi yfir gatnamótin á rauðu ljósi. Ef hún hefði ekki heyrt röddina og farið eftir henni, hefði hún og börn hennar slasast, ef ekki beðið bana.

Sagan hafði mikil áhrif á mig og þar sem ég sat í stólnum í tárur, að því

komin að standa upp og fara, fylltist ég mikilli huggun. Ég fann frið og vissi að heilagur andi hefði vissulega verið með mér. Í mínu tilviki hafði hann ekki verið mér rödd aðvörunar, heldur huggari.

Frá því að Ben hafði lent í slysinu, hafði ég fundið styrk, umfram minn eigin, og notið huggunar og kærleika himnesks föður. Ég hafði stundum ekki skilið ástæðu þess að ákveðnir hlutir gerðust en ég hafði aldrei efast um kærleika hans.

Ég trúi að Guð viti alla hluti og skilji mig aldrei eftir án huggunar. Heilagur andi hefur ýmis hlutverk í lífi okkar. Hann getur verndað okkur en líka leiðbeint og huggað okkur og kennt og veitt okkur skilning og fleiri blessanir.

Ég lærði að himneskur faðir stendur vissulega við loforð sín. Hann hafði „ættíð“ verið með mér. ■
Robyn Casper, Utah, Bandaríkjunum



LÁGVÆR RÖDD ANDANS BARST MÉR

„Hæ, strákar! Komið aftur!“ heyrð-
„Ist hrópað örvæntingarfullt.

Ég snéri mér við og sá tvo stráka um 5 og 7 ára gamla hlaupa yfir bílastæði verslunarinnar hágrátandi. Afgreiðslumaðurinn sem hrópaði til þeirra virtist áhyggjufullur.

Þegar ég snéri mér aftur að bílnum mínum, hvíslaði andinn að mér: „Hér getur þú hjálpað.“ Röddin var lágvær, en þó svo skýr að andartaki síðar var ég hlaupandi yfir bílastæðið í átt að strákunum.

Ég sá þann eldri standa við brúna smárútu. Ég fór til hans og kraup við hlið hans.

„Hæ! Ég heiti Christina. Er eitthvað að?“

Hann grét enn meira við þessi orð mín og huldi andlitið í höndunum. Afgreiðslumaðurinn og yngri strákurinn komu til okkar.

„Ég held að þeir tali bara frönsku,“ sagði afgreiðslumaðurinn við mig.

„Við sáum þá bara hlaupa rammvillta um verslunina.“

Ég endurtók orð mín til strákanna á frönsku. Franska var mitt fyrsta tungumál en ég hafði ekki talað hana frá því ég var ættleidd af enskumælandi fjölskyldu sem lítið barn. Yfirleitt tala ég afleita frönsku. Á þessari stundu varð mér þó ekki stírt um mál. Orðin komu skýrt út úr mér þegar ég huggaði drengina.

Á milli grátekanna útskýrði sá eldri í einum orðaflaumi að hann og bróðir hans gætu hvergi fundið foreldra sína í versluninni og hefðu því hlaupið út til að leita þeirra. Á meðan ég hlustaði rann upp fyrir mér hve undarlegt það væri að ég talaði ekki aðeins reiprennandi frönsku við þá, heldur skildi ég líka allt það sem þeir sögðu og gat lægt ötta þeirra.

Ég sá tvo stráka um 5 og 7 ára gamla hlaupa hágrátandi yfir bílastæði verslunarinnar.

„Þeir hafa villst frá foreldrum sínum og vilja bíða hér við bílinn þeirra,“ sagði ég við afgreiðslumanninn. Yngri strákurinn sagði mér nafn foreldra sinna, sem ég sagði afgreiðslumanninum, svo hann gæti látið kalla þá upp. Nokkrum mínútum síðar sá strákurinn föður sinn koma út úr versluninni og hljóp í áttina að honum.

Þegar ég fylgdi stráknum til föður hans, komst ég að því að ég gat ekki einu sinni kvatt á frönsku. Ég reyndi án árangurs að segja eitthvað sem strákarnir gætu skilið, en gat ekki sagt neitt nema fáein orð út í bláinn. Ég skipti loks yfir í ensku og sagði við strákinn: „Bless, það var gaman að kynnst þér.“

Þegar ég yfirgaf strákana í faðmi foreldra sinna, fann ég til mikils þakklætis. Himneskur faðir hafði notað mig sem verkfæri til að hugga tvö af hans litlu börnum. Ég var full auðmýktar yfir að Drottinn hafði aukið við takmarkaða getu mína til uppfylla tilgang sinn. Ég var þakklát fyrir að upplifa nokkuð sem getur gerst þegar við bregðumst við kalli hans, jafnvel við ólíklegustu aðstæður. ■

Christina Albrecht Earhart,
Washington, Bandaríkjunum

VIÐ VERÐUM AÐ FARA STRAX TIL MUSTERISINS!

Sunnudagsmorgun einn var nýlega skírður meðlimur kynntur í deild okkar. Hún heitir Lydia. Hún vann strax hug okkar og hjörtu.

Lydia var eldri kona og orðin blind af áralangri baráttu við sykursýki. Hún var fljót að bera kennsl á meðlimi deildarinnar af röddum þeirra og fótataki. Hún nefndi okkur með nafni, heilsaði okkur með handabandi og við minntumst aldrei á blindu hennar.

Eftir að Lydia hafði beðið í eitt ár, líkt og krafist var til að fá mustersmeðmæli, hitti hún biskupinn og stikuforsetann og fékk þau. Sunnudag einn í Líknarfélaginu dró hún mig að sér og sagði: „Stikuforsetinn sagði að ég yrði að fara í musterið eins fljótt og hægt væri. Getur þú farið með mér?“

Þetta var í fyrstu viku desembermánaðar – miklar annir biðu okkar allra. Ég reyndi að afsaka mig og sagði:

„Stikuforsetinn sagði að ég yrði að fara í musterið eins fljótt og hægt væri,“ sagði Lydia. „Getur þú farið með mér?“

„Má það ekki bíða fram í janúar?“

„Nei, við verðum að fara strax!“

Kvennahópur í deildinni fór í musterið í hverjum mánuði og ég spurði hvort þær gætu farið í ferð með Lydiu. Þær voru líka önnur kafnar. Lydia hélt áfram og sagði tárivot að stikuforsetinn hafi sagt henni að fara eins fljótt og auðið var.

Við ákváðum því að fara allar hina 240 km ferð til mustersins í komandi viku. Á leiðinni var smárútan fyllt af átta blaðrandi vinkonum. Lydia var yfir sig glöð eftir að hafa upplifað musterið og tekið á móti mustersgjöf sinni.

Í fyrstu viku janúarmánaðar tók heilsu Lydiu að hraka og hún var send í sjúkrahús á gjörgæslu. Hún lést viku síðar. Lydia hafði samt með sér sínar

eilífu blessanir, sem hún hafði hlotið í musterinu nokkrum vikum áður.

Ég sagði stikuforsetanum síðar frá ferð okkar til mustersins og hughrifum mínum yfir að hann hafi fundið sig knúinn til að segja Lydiu að fara strax til mustersins.

„Ég átti í raun ekki við að hún yrði að fara strax,“ sagði hann. „Ég hvet alla sem hljóta mustersmeðmæli í fyrsta sinn að fara fljótt í musterið. Andinn talaði til Lydiu, ekki ég.“

Lydia kenndi okkur öllum að hlusta á andann og bregðast skjótt við. Ég er þakklát fyrir að hún minnti mig á hlusta á hina kyrrlátu og hljóðu rödd. ■

Mary Holmes Ewen,
Kaliforníu, Bandaríkjunum





Öldungur
Anthony D. Perkins
af hinum Sjötíu

SÆKIÐ FRAM Í trú

Þið, unga fólkið, eruð uppi á þeim tíma sem hefur verið tilgreindur sem „áratugur ákvarðanataka.“ Þið þurfið nú að taka mikilvægustu ákvarðanir lífs ykkar, svo sem að fara í musterið, þjóna í trúboði, hljóta menntun, velja ykkur framtíðarstarf, velja ykkur maka og vera innsiglið um tíma og alla eilífð í musterinu.“¹

Ég beini máli mínu einkum til þeirra sem eiga erfitt með að taka ákvörðun varðandi eitthvað af þessu – og sumir þeirra gætu verið hálf lamaðir af ótta við að taka ranga ákvörðun eða þurft að fá styrk til að standa við áður tekna ákvörðun.

Fjórar ábendingar um innblásna ákvarðanatöku Nefís, geta dregið úr ótta ykkar og aukið sjálfstraust ykkar til að sækja fram.

1. Haldið boðorðin

Síðasta versíð í hinum helgu heimildum Nefís er lýsandi fyrir líf hans: „Því að svo hefur Drottinn boðið mér, og mitt er að hlýða“ (2 Ne 33:15).

Trú Nefís og elska hans til frelsarans, endurspeglast í hlýðni hans við boðorð Guðs. Hann baðst fyrir (sjá 1 Ne 2:16). Hann las ritningarnar (sjá 1 Ne 22:1). Hann bar sig eftir og fylgdi leiðsögn lifandi spámanna (sjá 1 Ne 16:23–24). Hlýðni hans gerði það að verkum að hann átti öflugt samfélag við heilagan anda alla sína ævi og hlaut stöðugt persónulegar opinberanir.

Þið þurfið líka að halda ykkur fast að Drottini með því að halda boðorð hans. Ég ber vitni um að stöðug hlýðni við að gera hið smáa, svo sem að lesa í ritningunum, biðjast fyrir daglega, sækja kirkjusamkomur, hlíta leiðsögn

Fjórar ábendingar um innblásna ákvarðanatöku Nefís, geta dregið úr ótta og aukið sjálfstraust til að sækja fram.

lifandi spámana og þjóna öðrum, mun gera ykkur hæf fyrir andann – og opinberanir sem hann veitir.

Fullkomnun er ekki forsenda persónulegrar opinberunar. Forsenda hennar er dagleg iðrun (sjá Róm 3:23). Sé iðrun ykkar einlæg og fullnægjandi



*Trú Nefis og elska
hans til frelsarans,
endurspeglast í hlýðni
hans við boðorð
Guðs.*

(sjá K&S 58:42–43), munuð þið hljóta andann fyrir hreinsandi mátt friðþæg-ingarinnar, til að hjálpa ykkur að taka erfiðar ákvarðanir.

2. Sækið fram í trú

Farið í sandala Nefís. Faðir ykkar segir ykkur að Drottinn hafi boðið sér og fjölskyldu sinni að yfirgefa ríkidæmi sitt og fara út í óbyggðirnar. Mynduð þið ekki vilja vita eitthvað um ferðina og ákvörðunarstaðinn?

Ég geri ráð fyrir að Nefí hefði orðið uppnuminn, ef Drottinn hefði sýnt honum greinilega hvað fyrir honum ætti að liggja. Þannig breytti Guð samt ekki við Nefí, og þannig mun hann ekki breyta við ykkur.

Pegar fjölskylda Nefís fór um óbyggðirnar, hlaut hann fyrir máli „frá einum tíma til annars“ (1 Nei 16:29; 18:1). Að grandskoða eigið líf af fullvissu og nákvæmni, hefði ekki veitt honum þann þroska og trúar-reynslu sem gerði hann að kristilegri einstaklingi.

Ef þið bíðið þess að Guð opinberi ykkur námsbraut ykkar, hverjum skuli

giftast, hvaða atvinnutilboði skuli taka, hvar búa skuli, hvort fara skuli í meistaranám eða hve mörg börn þið skuluð eignast, munið þið aldrei fara að heiman. Ég ber vitni um að opinberun hlýst aðeins „frá einum tíma til annars.“

Himneskur faðir vill að við þroskumst og í því felst að við getum metið staðreyndir, notað eigin dómgreind og tekið ákvarðanir. Hann býður okkur líka að greina sér frá ákvörðunum okkar í bæn (sjá K&S 9:7–9). Öldungur Richard G. Scott í Tólfpostulasveitinni kenndi að bænheyrsla hljótist „á einhvern hinna þriggja vegu.“²

Sannfæring sem fullvissar

Öldungur Scott sagði: „Þið getið fundið finna frið, huggun og sannfæringu sem fullvissar ykkur um að ákvörðunin sé rétt.“³ Ég og eiginkona mín, Christy, höfum uppgötvað að slíka fullvissu um lífsmótandi ákvarðanir er hægt að hljóta með ritningunum, oft eftir musteristilbeiðslu.

Eftir ígrundun og bænagjörð, ákváðum við til að mynda að yfirgefa nýja draumaheimilið okkar í Texas og samþykkja að flytja til Beijing, Kína, með sex ung börn, vegna atvinnubreytingar. Við þráðum samt innilega að fá andlega staðfestingu á þessum miklu flutningum. Við hlutum guðlega fullvissu – í musterinu – er við lásam þessi orð í Kenningu og sáttmálum: Vilji minn er, að þú . . . [dveljir] ekki marga daga á þessum stað. . . . Hugsaðu . . . ekki um eigur þínar. „Far þú til landsvæðanna í austri“ (K&S 66:5–7).

TIL AÐ DRAGA ÚR ÓTTA OG AUKA SJÁLFSTRAUST

1. Haldið boðorðin.
2. Sækið fram í trú.
3. Lifið í nútíðinni.
4. Nýtið ykkur styrk annarra.





Nefi hefði orðið uppnuminn, ef Drottinn hefði sýnt honum greinilega hvað fyrir honum ætti að liggja. Þannig breytti Guð samt ekki við Nefí, og þannig mun hann ekki breyta við ykkur.

renna á ykkar áratug ákvarðanataka að þið getið ekki lengur frestað hlutunum og verðið að taka af skarið. Það hefur mér lærst, líkt og öldungur Dallin H. Oaks í Tólfpostulasveitinni hefur kennt: „Við munum hljóta innblástur andans eftir að við höfum sjálf gert allt sem við getum, er við stritum úti í sólinni, fremur en að sitja í skugganum, biðjandi um leiðsögn til að taka fyrsta skrefið.“⁶

Andinn mun, líkt og tilviki Nefís, staðfesta fyrir ykkur, á tilsettum tíma, valinn veg eða vara ykkur við honum.

3. Lifið í nútíðinni

Skuldbinding Nefís í ferðinni til fyrirheitna landsins er þvert á það sem bræður hans Laman og Lemúel sýndu. Þeir tóku ákvörðun um að fara en yfirgáfu aldrei Jerúsalem í hjarta sínu. Nefí gerði við bogann sinn, sem hafði brotnað, til að geta veitt til matar, og gróf eftir málmgrýti til að geta smíðað skip, meðan bræður hans virtust hafa drepið tímann í tjaldi.

Margir í heiminum nú eru líkir Laman og Lemúel. Drottinn þarfnast hins vegar trúfastra karla og kvenna, líkt og Nefí var. Þið munið upplifa meiri framför í lífinu er þið helgið ykkur heilshugar ákvörðunum ykkar og reynið að ná árangri við núverandi aðstæður, þótt þið hugið líka að framtíðinni.

Nefí lifði eftir þessari vitru leiðsögn Thomas S. Monson forseta: „Dagdraumar um fortíð og framtíð geta veitt

Orð Jesú Krists í ritningunum, ásamt sterkri tilfinningu frá heilögum anda, staðfesti að ákvörðun okkar um að flytja til Kína væri rétt.

Óvissu tilfinning

Önnur aðferðin sem himneskur faðir notar til að bænheyra, er að veita ykkur „óróatilfinningu, ykkur líður ekki vel, sem gefur til kynna að valið sé rangt.“⁴

Eftir trúboðið mitt í Tævan, taldi ég að nám í alþjóðalögum væri góð ákvörðun til starfsframa. Þegar ég og Christy íhuguðum þann hugsanlega framtíðarmöguleika, áttuðum við okkur á að sú menntun yrði dýr og væri fimm ára skuldbinding.

Efnahagkerfi Bandaríkjanna var í mikilli lægð og fjárráð okkur voru takmörkuð, svo við töldum það góða ákvörðun að ég gengi í flugherinn til að greiða fyrir námið. Þegar ég tók hin nauðsynlegu próf og fyllti út umsóknina, leið okkur ekki vel með þessa skuldbindingu. Við fengum enga óróatilfinningu – henni fylgdi bara enginn friður.

Þessi órókrétta fjárhagsákvörðun, að því að virtist, varð ljós að hluta af þeirri staðreynd að ég hefði orðið hræðilegur lögfræðingur!

Guðlegt traust

Guð notar líka þriðju aðferðina til að bænheyra okkur: Ekkert svar. „Þegar þið lifið verðugu lífi og val ykkar samræmist kenningum frelsarans og þið þurfið að framkvæma,“ sagði öldungur Scott, „haldið þá áfram í trausti.“⁵

Síðasta tilraun Nefís til að ná í látúnstöflurnar, sýnir hvernig við eigum að framkvæma í guðlegu trausti.

Hann skráði:

„Andinn leiddi mig, og ég vissi ekki fyrirfram, hvað gjöra skyldi.

Engu að síður hélt ég áfram“

(1 Ne 4:6–7).

Sú stund mun fyrr eða síðar upp

velliðan en leysa okkur ekki frá því að lifa í nútíðinni. Í dag er dagur tæki-færanna og við verðum að grípa þau.“⁷

4. Nýtið ykkur styrk annarra

Þegar við höfum leitað andans, fastmótað ákvarðanir og stefnu okkar, kunna efasemdir að koma upp í hugann og draga úr sjálfstrausti okkar. Þegar svo ber við getur traustur fjölskyldumeðlimur eða vinur veitt ráðgjöf og styrk við að halda stefnu. Mér finnst líklegt að brúður Nefis hafi orðið honum styrkur í hans lífsins ferð.

Mér varð hugsað til eiginkonu Nefis í þessu sambandi er ég heimsótti



Kirkjusögusafnið. Mér varð starsýnt á málverk með Nefi bundinn við skipsmastur í ofsa stormi og böndin skárust í hörund hans.⁸

Við hlið Nefis var eiginkona hans og eitt barna þeirra. Stormurinn dundi líka á henni og hún upplifði áskoranir Nefis, en svipur hennar var vígreifur og styrkir armar hennar voru verndandi um axlir Nefis. Á þessari stundu rann upp fyrir mér sú blessun mín að eiga tryggnan maka sem styrkti mig í þeim erfiðleikum sem ég tókst á við. Ég vonaði að ég veitti henni álíka styrk.

Bræður, það að leggja rækt við og auka þann andlega styrk sem þið hafið þroskað með ykkur (eða eigið eftir að gera) sem trúboðar eða með annarri réttlátri þjónustu, er ykkar dýrmætasta eign til að verða eftirsóttir sem eiginmenn og feður. Systur, andleg næmni, trú og hugrekki til

að fylgja Jesú Kristi, eru meðal ykkar dýrmætustu eiginleika sem eiginkonur og mæður.

Ég hvet ykkur til að keppa að því að verða manneskja, sem getur veitt maka ykkar nú eða í framtíðinni styrk og viturlaga leiðsögn. Dyggðug hjón, karl og kona, sem innsiglið eru um tíma og alla eilífð í musterinu, geta tekist á við erfiðleika sem jafningjar.

Ég heiti ykkur því, að ef þið til-einkið ykkur það sem læra má af Nefi og nútíma spámönnum um ákvarðanatökur, munið þið njóta handleiðslu með persónulegum opinbernum „frá einum tíma til annars.“ Þegar þið þroskist á ykkar áratug ákvarðanatöku, megið þið þá, líkt og Nefi, hafa trú til að segja:

„Andinn leiddi mig, og ég vissi ekki fyrirfram, hvað gjöra skyldi.

Engu að síður hélt ég áfram“

(1 Ne 4:6–7). ■

Úr trúarræðu sem ber nafnið „Nevertheless I Went Forth,“ flutt í Brigham Young háskóla, 4. febrúar 2014. Hér má lesa alla ræðuna á ensku: speeches.byu.edu.

HEIMILDIR

1. Robert D. Hales, „Undirbúningur að áratuga ákvörðunartöku,“ *Aðalráðstefna*, apríl 2007, 51.
2. Richard G. Scott, „Hin yfirnáttúrulega gjöf bænar,“ *Aðalráðstefna*, apríl 2007, 10; áherslur eru upprunalegar.
3. Richard G. Scott, „Hin yfirnáttúrulega gjöf bænar,“ 5.
4. Richard G. Scott, „Hin yfirnáttúrulega gjöf bænar,“ 5.
5. Richard G. Scott, „Hin yfirnáttúrulega gjöf bænar,“ 5.
6. Dallin H. Oaks, „In His Own Time, in His Own Way,“ *Liahona*, ágúst 2013, 26.
7. Thomas S. Monson, „In Search of Treasure,“ *Liahona*, maí 2003, 20.
8. Sjá *Helpeet*, eftir K. Sean Sullivan, í „The Book of Mormon: A Worldwide View,“ *Liahona*, des. 2000, 37.

Traustur fjölskyldumeðlimur eða vinur getur veitt ráðgjöf og styrk við að halda stefnu.



LEITA HANS

„Hví leitið þér hins lifanda meðal dauðra?
Hann er ekki hér, hann er upp risinn.“

Lúk 24:5-6.



ÁHRIF JOSEPHS

*Lærðu um sex áhrifaþætti sem breyta lífi þínu
(eða geta gert það) vegna þess sem spámaðurinn
Joseph Smith gerði.*

Ted Barnes

Prestdæmisdeildinni

Joseph Smith lést fyrir rúmum 170 árum. Hann lifði aðeins í 38 ár og bjó mestan hluta ævi sinnar á afar afskekktum stöðum, sem ekki sjást nema á afar nákvæmum kortum. Þér er líklega kunnugt um ótalmargt sem hann kom til leiðar í lífi sínu. Hefur þú hins vegar hugsað um hvernig það hefur áhrif á þig persónulega? Of yfirgripsmikið gæti verið að gera grein fyrir því öllu, en hægt væri að byrja á þessum sex áhrifaþáttum.


Áhrif Josephs Smith:

1. Þú veist hverjir Guð og Jesús Kristur eru í raun.

Þrátt fyrir Joseph Smith, gætir þú samt trúað á Guð föðurinn og Jesú Krist. Þú gætir haft vitnisburð um Biblíuna. Hugsaðu samt um hve miklu dýpri og víðari skilningur þinn er, vegna þess sem Joseph Smith endurreisti – hinn djarfa og staðfestandi vitnisburð Mormónsbókar, Kenningar og sáttmála og Hinnar dýrmætu perlu. Þú veist til að mynda nokkuð sem flestir í heiminum vita ekki: Að hinn upprisni frelsari birtist í Ameríku – og færði sönnur á, með orðum sínum, að hann væri ekki aðeins „Guð Ísraels [heldur líka] Guð allrar jarðarinnar“ (3 Ne 11:14).

Hugsaðu um hve mikið vitnisburður þinn um himneskan föður og Jesú Krist hefur styrkst af máttugum vitnisburði spámana, líkt og Nefí, Alma og Moróní – svo ekki sé minnst á Joseph Smith sjálfan, sem lýsti yfir: „Hann lifir! Því að við sáum hann, já, Guði til hægri handar“ (K&S 76:22–23). Hve blessunarríkt að hafa þetta aukna ljós, á tíma er trú á Guð og Jesú Krist er boðið byrginn og oft yfirgefin!





3. Fjölskylda þín getur verið eilíf.

Afhverju eru svo margir ráðviltir varðandi mikilvægi hjónabandsins og fjölskyldunnar? Hugsanlega vegna þess að þeir þekkja ekki kenninguna, sem endurreist var með Joseph Smith, um að hjónabandið og fjölskyldan eru vígð af Guði og eru í eðli sínu eilíf (sjá K&S 49:15; 132:7). Þetta eru ekki aðeins hefðir sem maðurinn kom á og samfélagið er að vaxa upp úr – þetta er hluti af eilífri reglu himins. Þökk sé lyklum prestdæmisins og helgiathöfnum mustersins, sem voru endurreist með spámanningum Joseph Smith, að þín eilífa fjölskylda getur hafist hér á jörðinni.

2. Þú veist að þú ert barn Guðs – og líka allir aðrir.

Mikilvægasti sannleikurinn sem Joseph Smith endurreisti er líklega sá sem staðfestir samband okkar við Guð.¹ Að hann sé í raun faðir okkar. Hefur þú einhvern tíma staldrað við til að íhuga hvað í þeirri staðreynd felst? Það breytir sjálfsmati þínu: Hvernig sem heimurinn skilgreinir þig, þá veistu að þú ert kært barn Guðs, sem hið innra býrð að eiginleikum hans. Það breytir viðhorfi þínu til annarra: Í einni svipan eru allir – *hver einn og einasti* – bróðir þinn eða systir. Það breytir viðhorfi þínu til sjálfs lífsins: Gleði og sorg þess eru hluti af áætlun himnesks föður, til að hjálpa þér að líkjast honum. Þetta er nokkuð sem þú syngur um í Barnafélaginu!²



4. Þú hefur aðgang að prestdæminu og blessunum þess.

Þú getur skirst og meðtekið gjöf heilags anda, af því að Guð endurreisti prestdæmi sitt fyrir tilverknað Josephs Smith. Þú getur leitað eftir prestdæmisblessunum til lækningar, huggunar og leiðsagnar. Þú getur gert helga sáttmála og bundist Guði. Þú getur endurnýjað sáttmála þína vikulega með því að meðtaka sakramentið. Kraftur Guðs berst í líf þitt fyrir helgiathafnir prestdæmisins (sjá K&S 84:20–21). Ekkert af þessu væri mögulegt án þess sem Joseph Smith fékk áorkað.



5. Þú er laus við ánetjun skaðlegra efna.

Þú getur allavega verið það, ef þú lifir eftir þeirri opinberun sem Joseph hlaut árið 1833 – löngu áður en sannað var vísindalega að tóbak ylli lungnakrabbameini og áfengi lifrarsjúkdómum. Afhverju að bíða eftir visku heimsins þegar spámaður hefur opinberað visku Guðs? Vísdoms-orðið sýnir að Guð lætur sér ekki aðeins annt um anda okkar, heldur einnig líkama okkar (sjá K&S 89). Hvað sem öllu líður, þá gerir það okkur líkari – ekki ólíkari – föður okkar á himnum að hafa líkama af holdi og beinum, eins og hann hefur, líkt og fram kemur í opinberun til Josephs Smith (sjá K&S 130:22).

TAKTU ÞÁTT Í UMRÆÐUNUM

ÞAÐ SEM ÍGRUNDA MÁ Á SUNNUDÖGUM

- Hvernig get ég styrkt vitnisburð minn um spámanninn Joseph Smith?
- Hvernig get ég aukið þakklæti mitt fyrir lifandi spámenn og sýnt það í orði og verki?

ÞAÐ SEM ÞÚ GETUR GERT

- Miðlaðu í kirkju, fjölskyldu þinni og vinum eða í félagsmiðlum, hvernig spámaðurinn Joseph Smith hefur haft áhrif á líf þitt.
- Spurðu himneskan föður um það sem á þér hvílir, á sama hátt og Joseph Smith gerði. Gefðu þér tíma til að krjúpa í bæn og biðja hann um handleiðslu. Staldráðu við á eftir og hlustaðu eftir hugmyndum eða tilfinningu. Skrifaðu hugsanir þínar í dagbókina.
- Lestu ræðuna „Joseph Smith“ eftir Neil L. Andersen í Tólfpostulasveitinni, frá aðalráðstefnu í október 2014. Ráðgerðu að tileinka þér ábendingarnar tvær sem hann gefur um að styrkja og gefa vitnisburð um Joseph Smith.



6. Þú getur þekkt sannleikann af eigin raun fyrir heilagan anda.

Þegar hinn ungi Joseph fór í Lundinn helga, árið 1820, var sú trú almenn meðal margra kirkna að opinberun væri liðin tíð. Fyrsta sýn Josephs sannaði að svo var ekki. Himnarnir eru opnir – og ekki aðeins fyrir spámenn. Allir sem hafa fyrirsögn geta fengið svar, með því að leita

af auðmýkt og kostgæfni (sjá K&S 42:61; 88:63). Þú getur til að mynda komist að því á eigin spýtur hvort Joseph Smith hafi verið spámaður Guðs, á sama hátt og Joseph fékk svar við sinni spurningu: Með því að spyrja Guð sjálfan.

Þessar ábendingar eru aðeins fáeinar. Hvað getur þú bætt hér við. Á hvaða hátt hefur líf þitt orðið fyrir áhrifum af Joseph Smith? ■

HEIMILDIR

1. Sjá *Kenningar forseta kirkjunnar: Joseph Smith* (2007), 37–44.
2. Sjá „Guðs barnið eitt ég er,“ *Sálmar*, nr. 112.

„Lifandi spámaður er okkur mikilvægari en látinn spámaður...“

... Opinberun Guðs til Adams sagði Nóa ekki hvernig hann ætti að smíða örkina. Hann þurfi sína eigin opinberun. Mikilvægasti spámaðurinn, hvað okkur varðar, er því sá sem er uppi á líðandi tíma, þar sem Drottinn opinberar honum vilja sinn fyrir okkur. Okkur er því mikilvægast að lesa orð spámansins ... sem eru birt í kirkjutímaritum okkar í hverjum mánuði. Leiðsögn okkar fyrir næstu sex mánuði er birt í aðalráðstefnuræðum, sem gefnar eru út í tímaritinu [*Líahóna*]. ...“

„Varist þá sem tefla látnum spámönnum gegn lifandi spámönnum, því **lifandi spámenn eru ætíð hafðir í fyrirrúmi.**“ ■

Ezra Taft Benson forseti (1899-1994), „Fourteen Fundamentals in Following the Prophet“ (trúarræða flutt í Brigham Young háskóla, 26. feb. 1980), 2, speeches.byu.edu.

Miðlið hugmyndum ykkar

Hvað felst í því fyrir ykkur að styðja lifandi spámann? Miðlið hugmyndum ykkar fjölskyldu og vinum eða í félagsmiðlum.


FRELSARINN SEM FYRIRMYND AÐ *hlýðni*

*Hann hefur séð okkur öllum fyrir
fordæmi til að fylgja.*

„**A**f öllum þeim lexíum sem við getum lært af lífi frelsarans þá er engin eins skýr og kröftug og lexían um hlýðni,“
kennði öldungur Robert D. Hales í Tólfrpostulasveitinni, á aðalráðstefnu í apríl 2014. Með fordæmi sínu kennir frelsarinn okkur ekki bara *afhverju* mikilvægt sé að hlýða himneskum föður, heldur líka *hvernig* okkur beri að hlýða. Þegar þið skoðið eftirfarandi dæmi um þjónustu hans, íhugið þá hvernig þau geta orðið ykkur til eftirbreytni í lífinu.

„ÉG LEITA
EKKI MÍNS VILJA,
HELDUR VILJA
[FÖÐURINS],
SEM SENDI
MIG.“

(Jóh 5:30; sjá einnig
Jóh 6:38; 8:28-29; 14:31)



HVAÐ GETIÐ DIÐ GERT?

Öldungur Hales sagði: „Jesús kenndi okkur að hlýða með einföldum orðum sem auðvelt er að skilja: „Ef þér elskið mig, munuð þér halda boðorð mín“ [Jóh 14:15], og „kom síðan og fylg mér“ [Lúk 18:22].“

Hvað gerið þið í dag til að sýna hlýðni?



2

1. Dótt Jesús hafi verið syndlaus, þá lét hann samt skírast, til „að fullnægja öllu réttlæti“ (Matt 3:13-17; sjá einnig 2 Ne 31:4-7; Jóh 3:5).

2. Degar Jesús var 12 ára og Jósef og María fundu hann við kennslu í musterinu, fór hann heim með þeim, því hann „var þeim hlýðinn“ (sjá Lúk 2:42-51).

3. Dótt Jesús hefði beðið þess að kaleikurinn mætti fara fram hjá sér, gekkst hann undir þjáningarnar í Getsemanegarðinum (sjá Matt 26:36-44; Lúk 22:39-54).

4. Jesús virti hvíldardaginn og sótti lofgjörðarþjónustur í samkunduhúsinum (sjá Lúk 4:16-44).


5. Jesús beygði sig undir dóm manna, til að gera verk og dýrð föðurins að veruleika (sjá Jes 53:7; Matt 26:53; HDP Móse 1:39).

6. Jesús lauk ætlunarverki sínu með því að gangast undir að vera krossfestur af ranglátum mönnum (sjá Matt 27:35; Jóh 10:17-18; Gal 1:3-5).



3

AF ÞVÍ AÐ FRELSARI OKKAR VAR HLÝÐINN



„Af því að hann var hlýðinn, þá friðþægði hann fyrir syndir okkar, sem gerði okkur kleift að rísa upp, og bjó okkur veg til að snúa aftur til himnesks föður, sem vissi að við myndum gera mistök, er við lærðum hlýðni í jarðlífinu. Degar við hlýðum þá meðtökum við fórn hans því vér trúum, að fyrir friðþægingu Krists geti allir menn orðið hólpnir með hlýðni við lögmál og helgiathafnir fagnaðarerindisins.“

Öldungur Robert D. Hales í Tólfpostulasveitinni. „If Ye Love Me, Keep My Commandments,“ *Liahona*, maí 2014, 35, íslensks þýðing til.



1



6



7

UNGLINGAR

„Í ÖLLU [SÍNU]
STARFI
,[DOLDI KRISTUR]
FREISTINGAR,
EN SINNTI
DEIM ENGU‘

8

[K&S 20:22].“
– Öldungur Robert D. Hales



9



4



7. Jesús var ávallt hlýðinn föður sínu og fór í andaheiminn til að skipuleggja þar trúboð (sjá 1 Pét 3:18-20; 4:6).

8. Jesús var freistað af Satan, en lét ekki undan (sjá Matt 4:1-11; K&S 20:22).

9. Jesús heldur áfram að gera vilja föðursins og leiða kirkjuna (sjá Joseph Smith–Saga 1:16-17; K&S 19:2, 24).



5

SÍÐURNAR OKKAR



SLÖKKVILIÐSMENN OG ALVÆPNI GUÐS

Dagurinn var rólegur í slökkviliðsstarfinu þar sem ég var sjálfboðaliði, svo ég ákvað að lesa í Mormónsbók. Einn af samstarfsmönnum mínum sá mig lesa bókina og spurði hvort ég vissi hvernig hægt væri að íklæðast alvæpni Guðs á okkar tíma. Útkallsbjallan glumdi við í miðjum samræðum okkar. Eldur hafði komið upp í nálægri verslun.

Við fórum í snatri í búninginn og tókum búnaðinn og héldum rakleiðis þangað. Eldurinn var ofsafenginn og þegar við komum að versluninni varð mikil sprenging. Eldhafið umlukti okkur. Sprengingin sló mig og samstarfsmann minn út af laginu í nokkrar sekúndur. Þökk sé búningnum og búnaðinum að við hlutum engan skaða af.

Þegar við komum aftur í stöðina, eftir að hafa slökkt eldinn, minnti ég samstarfsmann minn á spurningu hans um alvæpni Guðs. Ég útskýrði fyrir honum að alvæpni Guðs væri líkt og öryggisbúningur okkar. Við verðum alltaf að vera íklædd alvæpni Guðs til að fá staðist öflugar árásir óvinnarins. Ef við höldum boðorðin, munum við blessuð með verndandi krafti alvæpnis Guðs og heilagur andi mun leiða okkur. ■

Fernando de la Rosa Marrón, Mexíkó



MÍN EFTIRLÆTIS RITNINGAR- GREIN

1 Sam 16:7. „GUÐ LÍTUR EKKI Á
DAÐ, SEM MENNIRNIR LÍTA Á.
MENNIRNIR LÍTA Á ÚTLITIÐ, EN
DROTTINN LÍTUR Á HJARTAÐ.“

Áður en ég gekk í kirkjuna, hafði ég alltaf litið á mig sjálfa sem venjulega manneskju með venjulega eiginleika. Mér fannst ég ekki búa yfir neinu sérstöku. Ég óttaðist að vera ég sjálf meðal fólks, því ég óttaðist höfnun og særindi. Mér fannst allir aðrir vera sterkari, snjallari og betri en ég sjálf.

Það breyttist þó þegar ég varð meðlimur Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu. Ég lærði að við værum öll börn Guðs og erfðum því guðlega eiginleika. Ég skil nú að málið snýst ekki um það að vera snjallari, ríkari eða falletgri í útliti. Í augum Drottins stöndum við öll jafnfætis og hann er sá sem dæmir – ekki eftir líkamlegu atgervi, heldur samkvæmt hlýðni og þrá til að fylgja þeim vegi sem hann hefur markað. ■

Joan Azucena, Filipseyjum

VINNUR ÞÚ Á SUNNUDEGI?

Degar ég var 15 ára hlaut ég sterkan vitnisburð um fagnað-arerindi Jesú Krists og var innilega glaður að ganga í kirkjuna. Á þeim tíma varð ég að vinna úti til að hjálpa til við að framfleyta fjölskyldu minni. Ég missti vinnuna stuttu eftir að ég skírðist.

Ég þurfti að finna annað starf fljótt, því fjölskylda mín reiddi sig á mig, en öll störfín sem ég sótti um kröfðust þess að ég ynni á sunnudögum. Ég hafnaði mörgum störfum, því ég vissi að ég þyrfti að fara í kirkju á sunnudögum (sjá K&S 59:9–10).

Eftir tveggja mánaða leit, hafði ég enn ekki fundið starf við hæfi. Móðir mín var ekki meðlimur kirkjunnar og þótt hún tryði á Guð, varð hún afar reið yfir að ég hafði hafnað svo mörgum störfum.

Kvöld eitt leit hún á mig með tár í augum og spurði: „Afhverju lætur Guð þetta gerast, þegar þú ert svo trúfastur í því að gera hið rétta?“

Ég svaraði: „Mamma, ég veit ekki afhverju það gengur ekki betur, en ég veit að ég er að gera

það sem rétt er og ég veit að Guð mun blessa okkur fyrir það.“

Daginn eftir bauð einhver mér dágóða upphæð fyrir að vinna í tvo daga við að flytja þungan farm á milli húsa. Vinnan var erfið og þegar ég fékk útborgað fór ég rակleidis heim til að færa þakkir í bæn. Ég fann brátt gott starf, þar sem þurfti ekki að vinna á sunnudögum og hef ekki verið án atvinnu frá þeim tíma.

Ég er feginn yfir að hafa haldið hvíldardaginn heilagan. Lífið býður upp á margar áskoranir en ég veit að þegar við tökumst á við þær í trú, mun Drottinn blessa okkur. ■

Sahil Sharma, Indlandi





Öldungur
Neil L. Andersen
í Tólfpostulasveitinni

HVERNIG HLJÓTA MÁ VISKU

Á þessum tíma mikils upplýsingastreymis, þörfnumst við sárlega visku – visku til að **flokka og greina** hvernig hagnýta skal það sem við lærum.

Munum eftir þessu:

1. Við verðum að leita visku.
2. Viska er margvíð og er af öllum stærðum og litum.
3. Viska sem hlýst snemma veitir gríðarlegar blessanir.
4. Viska á einu sviði er hugsanlega ekki yfirfæranleg á annað.
5. Viska heimsins, sem oftast hefur mikið gildi, er verðmætust þegar hún beygir sig auðmjúklega undir visku Guðs.

Ritningarnar greina frá tvenns konar visku: Visku heimsins og visku Guðs. Viska heimsins hefur bæði jákvæðar og neikvæðar hliðar. Segja má að neikvæðasta hliðin sé hlutdrægur sannleikur, þar sem visku og hagræðingu er blandað saman, til

að ná fram eigingjörnum eða illum tilgangi.

Annars konar viska heimsins er ekki jafn óheillavænleg. Hún er í raun afar jákvæð. Þá visku er meðvitað hægt að afla sér með **námi, ígrundun, athugun og mikilli vinnu**. Hún er afar notadrjúg og gagnleg í því sem við tökum okkur fyrir hendur. Hún hlýst góðu og siðsömu fólki fyrir reynslu jarðlífsins.

Mikilvægara er að vera fús til að láta visku Guðs hafa forgang fram yfir visku sem leiðir til velgengis í heiminum og reiða sig ekki bara á hana.

Viska hefur misjafnt gildismat Þegar viska heimsins stangast á við visku Guðs, þarf okkur að lærast að **sýna auðmýkt og hlíta visku Guðs**.

Ég legg til að þið metið sumt af því sem þið glímið við. Dragið línu niður eftir miðju blaði. Skrifðið visku heimsins vinstra megin og visku Guðs hægra megin. Skrifðið það sem stangast á við hvort annað.

Hverjar eru ákvarðanir ykkar?

Í 45. kafla Kenningar og sáttmála, þar sem fjallað er um atburðina fram að síðari komu frelsarans, segir Drottinn aftur söguna um meyjarnar tíu og lýkur svo með því að segja: „Því að þeir sem vitrir eru og hafa tekið á móti sannleikanum og haft hinn heilaga anda sér til leiðsagnar, og ekki látið blekkjast – sannlega segi ég yður, að þeir munu ekki upp högginn og þeim eigi á eld kastað,

heldur munu þeir standast daginn“ (sjá K&S 45:57).

Við skulum **leita visku Guðs**. Við getum lært ótal margt núna um visku. Ég heiti ykkur því að þið munuð hljóta blessanir Drottins, ef þið leitið visku, já, visku Guðs. Hann þráir innilega að veita okkur visku sína. Við munum hljóta hana, ef við erum hlýðin og bænheit og leitum hennar. ■

Ræða flutt 10. apríl 2009 við útskrift í Brigham Young háskóla – Idaho.

HVERNIG HAFIÐ ÞIÐ HAGNÝTT YKKUR ÞETTA?

„Dað er alltaf mögulegt að velja á milli tveggja leiða. Þið getið valið það sem þið viljið. Þið ættuð þó að velja viturlega. Ég get sagt að ef þið veljið Drottin, getur hann hjálpað ykkur að takast á við hvern dag og ef þið hafið heilagan anda með ykkur, getið þið tekist á við hverja raun. Ef þið veljið það sem rangt er, getur það leitt til gleðisauðrar tilfinningar, tilfinningar sem virðist hamingja en er skammvin, eftir á munuð þið hins vegar greina afleiðingarnar og sjá beisklega eftir ákvörðuninni. Verið Drottins megin! Dað er ekki alltaf auðvelt, en það er þess virði!“

Samuel J., Austurríki



Er í lagi að fara á **dansleiki** eða **skemmtanir**, þar sem ég veit að eitthvað **miður gott** mun eiga sér stað, til þess að sýna **gott fordæmi**?

Spyrjið ykkur sjálf: „Hvers konar fordæmi er ég í raun að setja á slíkum viðburðum?“ Ef þið hyggist fara þangað sem eiturlyf eða áfengi er haft um hönd, klæðnaður er ósiðsamur, tónlist með tvíræðan boðskap eða dansar eru klúrir, hvernig munið þið þá sýna fólkinu þar hvernig það getur skemmt sér án alls þessa? Hvort af þessu tvennu haldið þið að fólkið þar segði: „Þú ert frábært fordæmi um trú og staðla?“ eða „Afhverju varstu að koma hingað?“ Í flestum tilvikum sýnið þið mun betra fordæmi með því að fara alls ekki, því þá munið þið ekki viljandi og meðvitað gera ykkur berskjölduð fyrir freistingum. ■

Hve öflug eru áhrif Satans á hugsanir mínar?

Himneskur faðir hefur tryggt okkur siðferðilegt sjálfræði, eiginleikann að velja á milli góðs og ills. Hann mun ekki þvinga okkur til að velja hið góða og djöfullinn getur ekki þvingað okkur til illra verka (sjá *Kenningar forseta*

kirkjunnar: Joseph Smith [2007], 214).

Djöfullinn getur aðeins haft jafnmikil áhrif á hugsanir ykkar og þið leyfið honum. Spámaðurinn Joseph Smith sagði: „Satan getur ekki tælt okkur með freistingum sínum, nema


við opnum hjarta okkar fyrir honum og látum undan“ (*Kenningar: Joseph Smith*, 213). Hann sagði líka: „Djöfullinn hefur aðeins vald yfir okkur að svo miklu leyti sem við leyfum honum það“ (214).

Í ritningunum er líka kennt: „Enginn nema Guð þekkir hugsanir þínar og áform hjarta þíns“ (K&S 6:16), svo Satan veit í raun ekki um hvað þið hugsið.

Hann getur aðeins freistað og dregið á talar. Ef þið hins vegar veljið að láta undan, mun hann hljóta aukið vald yfir ykkur og freistingarnar verða öflugri. Á sama hátt munuð þið hljóta styrk og blessun, ef þið hafnið hinu illa og veljið hið góða. ■

Ein hjörð og EINN HIRÐIR

Sauðabirgi fyrir hjörð sýnir okkur hvernig
frelsarinn annast um fólk sitt.



Hjörð til forna

Lýsing: Einföld rétt, afgirt sauðabirgi.

Tilgangur: Til að verja sauðahjörð gegn rándýrum og þjófum, einkum að nóttu til.

Efni og hönnun: Hlaðnir steinveggir og oft voru þyrnirunnar efst á veggnum. Þéttir þyrnirunnar voru líka oft notaðir til bráðabirgða til að girða af hjörðina. Hellar voru líka stundum notaðir sem sauðabirgi og steinar eða runnar settir við munann.

STAÐREYNDIR ÚR BIBLÍUNNI

- Sauðir voru verðmætir sökum kjötsins, mjólkurinnar, fitunnar, ullarinnar og hornanna og voru dýr sem aðallega voru notuð til fórnarathafna.
- Í Ísrael voru úlfar, hýenur, pardusdýr og sjakalar meðal þeirra rándýra sem veiddu sauði sér til matar. Til forna lifðu ljón og bjarnýr líka á þessu landssvæði (sjá 1 Sam 17:33-37).
- Hirðir notaði staf til að leiða sauðina og stöng og slöngvu til að verja þá.
- Hirðir leiddi sauði sína til beitar og drykkjar á daginn (sjá Sálms 23:1-2) og aftur í sauðabirgið á kvöldin. Hirðir taldi sauðina áður en hann hélt til baka og leitaði þeirra sem villst höfðu frá, ef einhverjir. Hann hvíldi síðan við dyraop byrgisins til að verja hjörðina.
- Jesús Kristur sagði sig vera góða hirðinn (sjá Jóh 10:11-15), því hann fórnaði lífi sínu fyrir okkur. Hann líkti sér líka við dyr sauðabirgisins (sjá Jóh 10:1-9), því að með honum hljóttum við andlega næringu, hvíld, frið, sáluhjálp og upphafingu.
- Páll postuli líkti kirkjunni við sauðahjörð (sjá Post 20:28).

TEKNING EFTIR DAVID HABBEN; HLUÐI AF KRISTUR OG UNGI RÍKI HÖFINGJANA, EFTIR HEINRICH HORMANN



AÐRIR SAUÐIR

Frelsarinn minntist á „aðra sauði, sem [væru] ekki úr þessu sauðabyrgi“ (Jóh 10:16), og var að vísa til Nefítanna og Lamanítanna, sem höfðu verið leiddir burtu úr húsi Ísraels (sjá 3 Ne 15:14-24). Hann sagðist líka vitja hinna týndu ættkvísla Ísraels (sjá 3 Ne 15:20; 16:1-3).

Það sem læra má

Sauðabirgi er:

Samansöfnunarstaður hjarðarinnar. Við, sem kirkju-meðlimir, tengjumst böndum einingar fyrir trú okkar og sáttmála, sem og með því að safnast saman í bókstaflegri merkingu. Henry B. Eyring forseti, fyrsti ráðgjafi í Æðsta forsætisráðinu, kenndi: „Sú sameiginlega gleði sem [himneskur faðir] þráir svo heitt að við hljóttum, er ekki einstaklingsbundin. Við verðum að leita hennar og verða hæf hennar með öðrum. Því er ekki að undra að Guð hvetji okkur til að safnast saman svo að hann geti blessað okkur. Hann vill að við séum saman sem fjölskyldur. Hann kemur á fót námsbekkjum, deildum og greinum og býður okkur að koma oft saman. Í slíkri umgjörð . . . getum við beðist fyrir og áunnið okkur þá einingu sem veitir okkur gleði og margfaldar getu okkar til þjónustu“ („Hjörtu okkar bundin einingu,“ *Aðalráðstefna*, okt. 2008, 74).

Staður hvíldar og öryggis. Í Jesú Kristi munum við „finna hvíld sálum [okkar]“ (Matt 11:29). Kirkjan hans er „vörn og athvarf“ (K&S 115:6). Boyd K. Packer, forseti Tólfpostulasveitarinnar, sagði: „Við finnum vernd og öryggi fyrir okkur sjálf . . . með því að heiðra sáttmálana sem við höfum gert og vera hlýðin þeim venjubundnu reglum sem af fylgjendum Krists er krafist“ („Það veit ég,“ *Aðalráðstefna*, apríl 2013, 6).

Vernduð af hirðinum. Jesús Kristur er góði hirðirinn sem kemur okkur til bjargar. Hann þjáðist og dó, svo við gætum sigrast á synd og dauða og snúið aftur til himnesks föður. Þegar við komum til Krists og höldum boðorð hans, mun hann blessa, leiða og vernda okkur, bæði sem einstaklinga og sáttmálsfólk. ■

„Hvernig getur mér liðið nægilega vel með að ræða við biskupinn minn um það sem veldur mér hugarangri?“

Ykkur getur kviðið því að ræða við biskupinn ykkar um eitthvað sem þið eigið erfitt með og það er bara eðlilegt. Oft fyllumst við kvíða áður en við upplifum eitthvað nýtt eða ræðum við einhvern fullorðinn.

Biskupinn ykkar er kallaður af Guði. Hann var kallaður af því að hann er trúfastur lærisveinn Jesú Krists. Hann mun gera sitt besta til að sýna gæsku og skilning. Markmið hans er að hjálpa ykkur að koma til frelsarans, svo þið getið fundið frið. Til að byrja með getur reynst óþægilegt að ræða við hann um það sem á ykkur hvílir en honum mun ekki finnast minna til ykkar koma. Hann mun í raun gleðjast yfir að þið þráið að bæta líf ykkar. Hann mun halda trúnað við ykkur.

Þið þurfið ekki að bera byrðina einsömul. Biskupinn ykkar getur hjálpað ykkur að finna svör og, ef þörf krefur, að iðrast, fyrir friðþægingu Krists, og sigrast á sektarkennd, örvæntingu eða tilfinningu óverðugleika.

Þið munið skynja elsku biskups ykkar þegar þið ræðið við hann. Þótt hann beri ábyrgð á öllum í deildinni eða greininni, leggur hann megin áherslu á velferð piltanna og stúlkanna. Þið eruð ekki að ónáða hann er þið biðjið um hjálp.

Þið getið beðið til himnesks föður um styrk og kjark til að ræða við biskup ykkar. Hann hefur heimilað biskupinum að hjálpa ykkur og hann er fús að gera það. Ef þið farið til hans með opinn huga og þrá til að gera betur, munið ykkur líða mun betur eftir að þið yfirgefið skrifstofuna hans.

Honum mun ekki finnast minna til ykkar koma

Biskupi deildar ykkar er veitt valdsumboð til að leiða ykkur í gegnum iðrunarskrefin. Stundum er aðeins hægt að iðrast fyllilega fyrir tilstilli frelsarans með því að fara til biskupsins. Þegar ég ræddi við biskupinn minn, hjálpaði hann mér að finna frelsarann og sigrast á mínu dýpsta sári. Biskupinn ykkar þráir að hjálpa ykkur. Köllun hans er að annast ykkur og honum mun ekki finnast minna til ykkar koma, ef þið þurfið að ræða við hann vegna einhvers sem þið hafið gert.

Madison D., 18 ára, Utah, Bandaríkjunum

Biskup ykkar er fús til að hjálpa

Áður leið mér óþægilega í viðtölum en mér lærðist loks að biskupinn minn var alltaf fús til að hjálpa mér að finna lausn á vanda mínum. Treystið biskupi ykkar; hann er hirðir og deildin er hjörðin hans.

Jaime R., 19 ára, Kokabamba, Bólivíu



Hann mun ekki bregðast trausti ykkar

Mér hefur lært að biskup er líklega sá áreiðanlegasti fullorðni einstaklingur sem unglingur getur leitað hjálpar hjá. Hann mun aldrei bregðast trausti ykkar – hvaðeina sem við segjum honum, fer ekki út fyrir skrifstofu hans. Stundum reynist afar erfitt að segja frá vanda okkar, en það er mun auðveldar að ræða undir fjögur augu við þann sem þykir vænt um okkur og ber hag okkar fyrir brjósti.

Nicole S., 18 ára, Idaho, Bandaríkjunum

Hann er til staðar til að hjálpa

Biskupinn er hirðir deildar ykkar. Hafið hugfast að hann mun gera sitt besta til að liðsinna ykkur og hann hefur mátt Guðs sér til hjálpar. Ef þið eruð óttaslegin, getið þið beðist fyrir um styrk, til að geta rætt við biskup ykkar. Þegar uppi er staðið, mun ykkur líða betur að hafa farið til hans – og það verður þess virði.

Samuel H., 14 ára, Idaho, Bandaríkjunum

**Þið getið treyst honum**


Biskup ykkar eða greinarforseti er sannur þjónn Drottins. Þið getið reitt ykkur á hann til leiðsagnar, er þið leitið innblásturs frá heilögum anda og í ritningunum. Við þurfum að skilja að hlutverk biskupsins er að hjálpa okkur og að hann nýtur handleiðslu Guðs.

Stanislav R., 19 ára, Donetsk, Úkraínu

**Hafið hugfast að honum þykir vænt um ykkur**

Ef þið þurfið að ræða við biskupinn um eitthvað sem á ykkur hvílir, getur verið þjórðráð að ræða fyrst við hann um skólann og aðra almenna hluti. Ef þið eruð kvíðin, því þið hyggist ræða við hann um mál sem tengist iðrun, hafið þá bara hugfast að honum þykir vænt um ykkur. Þið þurfið ekki að hafa áhyggjur af því hvað honum finnst um ykkur, því afhverju ætti hann hafa vanþóknun á þrá ykkar til að komast nær Kristi?

Ashley D., 17 ára, Arisóna, Bandaríkjunum

**Biðjist fyrir til að komast að því**

Íhugið hvers vegna ykkur finnst óþægilegt að ræða við biskupinn.

Afhverju þið teljið að hann geti ekki hjálpað ykkur að leysa úr málinu.

Biðjist fyrir til að komast að því hvort biskupnum þykir vænt um ykkur og hann sé kallaður til að hjálpa ykkur.

Adam H., 13 ára, Kaliforníu, Bandaríkjunum

Þótt ykkur verði á

Það getur reynst erfitt og óþægilegt að játa eitthvað fyrir biskupnum, en þegar það er yfirstaðið mun ykkur líða betur og verða ljóst að himneskur faðir elskar ykkur. Hann þráir að þið séuð hamingjusöm, jafnvel þótt ykkur verði á.

Amanda W., 16 ára, Utah, Bandaríkjunum

Frekari upplýsingar um efnið: Sjá C. Scott Grow, „Why and What Do I Need to Confess to My Bishop?“ Liahona, okt. 2013, 59.

**GERIÐ HANN AÐ TRÚNAÐ-ARMANNI**

„Leitið leiðsagnar prestdæmisleitoga, einkum

biskups ykkar. Hann þekkir staðlana og hvað best er að kenna ykkur.

Leitist við að vera með honum. Þið getið vænst þess að hann spyrji hnitmiðaðra og leitandi spurninga.

Treystið honum. Gerið hann að trúnaðarmanni. Biðjið hann að hjálpa ykkur að skilja hvers Drottinn væntir af ykkur. Einsetjið ykkur að lifa eftir siðferðisstöðlum kirkjunnar.

Innihaldsríkt samband við fullorðinn leitoga er nauðsynlegt til að hjálpa ykkur að vera siðferðislega hrein og verðug.“

Öldungur M. Russell Ballard í Tólfpostulasveitinni, „Purity Precedes Power,“ Ensign, nóv. 1990, 37.

NÆSTA SPURNING

„Það er gert grín að mér í skóla fyrir að vera SDH. Ég veit að ég þarf að standa á eigin sannfæringu en það er afar erfitt! Hvernig get ég hlotið kjark til að segja fólkinu að hætta þessu?“

Sendið svör ykkar, og ef þið viljið, ljósmynd í hárrí upplausn, fyrir 1. maí 2015, á liahona@lds.org, með tölvupósti til liahona@lds.org eða með hefðbundnum pósti (sjá pósthfang á síðu 3).

Eftirfarandi upplýsingar verða að fylgja í bréfi ykkar eða tölvupósti: (1) fullt nafn, (2) fæðingardagur, (3) deild eða grein, (4) stika eða umdæmi, (5) skriflegt leyfi ykkar, eða foreldra ykkar, ef þið eruð undir 18 ára aldri, (tölvupóstur er viðunandi) til að birta svar ykkar og ljósmynd af ykkur.

Svartexti kann að verða stytur eða lagaður til.

*Ellie átti sér hetju en þorði
ekki að segja hver hún væri.*

Hver er

Charlotte Mae Sheppard

Byggt á sannri sögu

*„Um hetjudáð og hetjulund nú herrann oss alla spyr“
(Barnasöngbókin, 85).*

Ellie beit í þumalinn af taugaspennu. Fröken Fitz gekk meðfram borðaröðinni og spurði alla nemendurna, einn af öðrum:

„Hver er hetjan þín?“ Fröken Frits spurði Jeremy.

Jeremy svaraði án þess að hika: „Pabbi minn!“ svaraði hann hreykinn.



hetjan þín?

Fröken Fritz brosti. „Hver er hetjan þín, Sara?“

Hún svaraði líka um hæl: „Abraham Lincoln.“

Ellie fann hjartað hamast í brjósti sér, er fröken Fitz gekk meðfram borðunum. Þau höfðu rætt um hetjur allan daginn og allir áttu að tilgreina hetjuna sína – fyrir framan alla í bekknum!

Amber og Justin nefndu mömmu sína sem hetju. Walter sagði afa sinn vera sína hetju. Nokkrir nemendur sögðu einhvern konung eða forseta vera sína hetju.

Aðeins fáeinir nemendur voru eftir áður en að Ellie kæmi. Hún varð að nefna einhverja hetju – og það strax.

Ellie horfði vandræðaleg niður á skóna sína. Hinn raunverulegi vandi var ekki að ákveða hetjuna. Hún vissi alveg hver hetjan hennar var. Jesús Kristur

var hetjan hennar. Hann hafði læknað sjúka, reist upp hina dónu og greitt gjaldið fyrir syndir allra. Hann var mesta hetja allra tíma! Hún var bara of ótta-sleginn að nefna hann.

Ellie beit aftur í þumalinn við þá tilhugsun að segja öllum í bekknum frá því að Jesús Kristur væri hetjan hennar. Hvað ef Jeremy færi að hlæja að henni? Hvað ef Sarah og Amber færu að pískra um hana í frímínútum.

Auðvitað vissi hún að Jesús Kristur væri hetjan sín. Allir aðrir þyrftu samt ekki að vita það.

Fröken Fritz stoppaði við borð Ellie og brosti. „Hver er hetjan þín, Ellie?“

Ellie leit snögg af borðaröðinni við hliðina og á fröken Friz. „Abraham Lincoln,“ sagði hún lágt.

Fröken Fritz skælbrosti. „Gott!“ sagði hún um leið og hún gekk að næsta borði í röðinni.

Um leið og hún fór hjá, varpaði Ellie öndinni léttar. Mikið var gott að þetta var yfirstaðið. Það síðasta sem hún þurfti á að halda var að allir í bekknum vissu að hetjan hennar væri–

„Jesús Kristur,“ heyrði hún einhvern segja.

Augu Ellie lukust upp og hún skimaði yfir skólaföngunum. Þarna – aðeins aftar í borðaröðinni – sat smávaxinn drengur með úfið hár. Hann var væskilslegur og feiminn og sat alltaf aftast í skólaföngunum. Ellie þekkti hann jafnvel ekki með nafni. Hún minntist þess ekki að hafa heyrt hann segja eitt aukatekið orð – fyrr en núna.

Fáeinir nemendur snéru sér við, en hann virti þá ekki viðlits. Hann horfði bara beint framan í fröken Fritz og endurtók: „Jesús Kristur er hetjan mín.“

Fröken Fritz brosti breitt og hélt áfram eftir borðunum. Ellie horfði hins vegar á drenginn furðulostin. Hún hafði óttast að segja öllum hver hetjan hennar væri, en ekki hann. Hann sem var jafnvel ekki í hennar kirkju! Hann hafði vitað hve mikilvægt það var að sýna fordæmi til stuðnings Jesú Kristi, jafnvel þótt erfitt væri.

Ellie brosti til drengsins. Hún einsetti sér að óttast ekki framar að segja frá hetjunni sinni. Nú átti hún tvær hetjur. ■

Höfundur býr í Kaliforníu, Bandaríkjunum.



Bænir og dómkirkjur

McKelle George

Byggt á sannri sögu

„Þér eruð mínir lærisveinar, ef þér berið
elsku hver til annars“ (Jóh 13:35).

Dani leit upp, en sá ekki efsta hluta hinnar fallegu dómkirkju. Fólk sem tilheyrði annarri kirkju sótti messu hér. Dani skildi ekki afhverju foreldrar hennar færu í kirkju á föstudegi, en pabbi hennar hafði sagt að þau hugðust fara á eitthvað sem kallað var aftansöngur.

„Hvað var það?“ spurði Dani.


„Það er samkoma þar sem fólk syngur, les í ritningunum og biður saman,“ hafði pabbi sagt. „Líkt og stór fjölskylda gerir í dagsins lok.“

Dani fannst það hljóma vel. Hún og fjölskylda hennar voru á ferðalagi í Englandi. Síðasta sunnudag höfðu þau farið í deild í borg sem hét York. Í Barnafélaginu höfðu börnin þekkt sömu ritningarversin og söngvana og Dani gerði. Hún vissi að deildin sem þau heimsóttu tilheyrði sannri kirkju Jesú, eins og deildin í heimalandi hennar.

Dómkirkjan var hins vegar ólík öllu sem hún þekkti. Hún tók eftir litlu borði með mörgum kertum. Dani horfði á dreng kveikja á kerti.

„Afhverju ertu að kveikja á kerti?“ spurði Dani hann.

Drengurinn brosti. „Ég kveiki á kerti þegar ég biðst yfir um eitthvað ákveðið. Ég vona að Guð heyri bæn mína, svo lengi sem logar á kertinu.“





„Við ættum að elska alla menn, vera góðir áheyrendur og sýna að við virðum einlægar skoðanir þeirra.“

Öldungur Dallin H. Oaks í Tölpóst-ulasveitinni, „Elska aðra og lifa með ólíkum skoðunum,“ Aðalráðstefna, okt. 2014, 27.

Dani virtist kertin ósköp venjuleg. Hún varð svolítið ráðvillt en vildi vera kurteis. Hún brosti til drengsins.


Dani og foreldrar hennar settust niður og brátt byrjaði aftansöngurinn. Hún sá sama drenginn nokkrum bekkjarröðum frá sér. Henni varð þá ljóst að hún þekkti ekki söngvana sem fólkið söng. Þegar það baðst fyrir, las það upp úr lítilli bók. Allt virtist svo framandi og ólíkt því sem hún þekkti.

En tónlistin var falleg, þótt hún væri ekki kunnug henni. Eftir það stóð maður upp og las í ritningunum. Hann var í kufli í stað þess að vera í jakkafötum og með bindi, líkt og biskup Danis. Þegar hann byrjaði lesturinn, varð Dani ljóst að hún þekkti söguna! Hann las um Jesú að lækna líkþráu mennina tíu.

„Pabbi,“ hvíslaði Dani, „þessi saga er mér kær.“

Pabbi hennar brosti. „Mér líka.“

Maðurinn í kuflinum sagði síðan bænrorð. Hann bað Guð að blessa hina sjúku og nauðstöddu. Alveg eins og Dani hafði gert! Hann bað líka um sérstaka blessun fyrir leiðtoga kirkjunnar hans. Dani minntist þess hvernig fjölskyldan hennar hefði ávallt beðið himneskan föður um að blessa



Thomas S. Monson forseta og ráðgjafa hans.

Dani fylltist ljúfri tilfinningu. Henni varð ljóst að himneskur faðir væri að segja henni að hann elskaði öll sín börn og hlustaði á *allar* bænir þeirra, jafnvel þótt þau væru í annarri kirkju og hefðu ekki fyllingu fagnaðarerindisins.

Þegar þau stóðu upp til að fara, leit pabbi hennar á símann sinn. Hann varð sorgmæddur er hann las skilaboðin þar. „Systir Monson var að deyja,“ sagði hann

„Ó nei!“ Dani flutti stutta bæn í hjarta sínu um að Monson forseti yrði í lagi.

„Er allt í lagi,“ spurði einhver. Það var drengurinn aftur. Hann hafði heyrt í Dani og virtist áhyggjufullur.

„Systir Monson var að deyja,“ sagði Dani. „Hún er eiginkona spámannsins okkar, Monsons forseta.“

„Það var leitt að heyra,“ sagði hann blíðlega. „Ég skal kveikja á kerti fyrir hann.“

Dani brosti og þakkaði honum fyrir. Henni fannst það fallett af drengunum að flytja sérstaka bæn fyrir Monson forseta. Hún vissi að himneskur faðir myndi heyra bæn hennar og líka bæn drengsins. ■

Höfundur býr í Utah, Bandaríkjunum.




Öldungur
Russell M. Nelson

í Tólpostulasveitinni
Meðlimir Tólpostula-
sveitarinnar eru sér-
stök vitni Jesú Krists.


Afhverju er svona mikilvægt að **HLÝÐA?**




Það færir alltaf blessanir
að halda boðorðin!



Það er alltaf missir blessana
að brjóta boðorðin!



Jafnvel þó að „allir séu að gera
það“ þá er rangt aldrei rétt.



Þegar þið hlýðið Guði,
leyfið þið trú ykkar að sjást.

„Þetta er dagurinn
sem Drottinn
hefir gjört,
fögnum, verum
glaðir á honum.“

—Sálm 118:24



Jesús læknað líkþráa mann



Erin Sanderson

Hugsið um það þegar þið voruð veik. Var einhver sem gerði eitthvað gott fyrir ykkur til að ykkur liði betur?

Í Nýja testamentinu lesum við um Jesú og þá góðvild sem hann sýndi hinum sjúku. Dag einn kom maður nokkur til Jesú sem hafði sársaukafullan sjúkdóm er kallast líkþrá. Hann vissi að Jesús hafði mátt til að lækna alla sem sjúkir voru. Hann trúði að Jesús gæti læknað sig. Jesús snerti hinn líkþráa og sagði: „Verð þú hreinn!“ (Mark 1:41). Um leið og Jesús hafði mælt þetta, læknaðist maðurinn.

Við getum fetað í fótspor Jesú með því að sýna hinum sjúku eða sorgmæddu góðvild og gæsku. ■

Höfundur býr í Utah, Bandaríkjunum.

HUGMYNDIR AÐ FJÖLSKYLDUMRÆÐUM

Þið getið notað persónuimyndir ritninganna á síðu 74 til að segja söguna í Markús 1:40–42. Eftir það getið þið lesið Júdasarbréfið 1:22 og ráðgert að gera eitthvað saman sem fjölskylda til að blessa aðra. Kannski getið þið þjónað einhverjum leynt!

Söngur: „Segðu mér sögur um Jesú“
(*Barnasöngbókin*, 36)

ÞJS: Mark 1:40-42

Myndbönd: Farið á Biblevideos.org og horfið á myndböndin „Jesus Heals a Lame Man on the Sabbath“ og „Jesus Heals a Man Born Blind.“



FETA Í FÓTSPOR JESÚ

Farið í hutverkaleik með fjölskyldu ykkar og sýnið hvernig þið getið sýnt einhverjum góðvild við þessar aðstæður. Búið til eigin aðstæður!



Fjölskylda hefur nýlega flutt í hverfið.

Einhver börn sýna öðru barni óvild í skóla.

Gestur sem ekki þekkir kirkjuna kemur í Barnafélagið.

Yngri bróðir eða systir hefur engan til að leika við.

Litla barnið grætur og mamma er að reyna að búa til kvöldmatinn.

Einhver í deildinni er veikur og kemst ekki að heiman.

LÆRIÐ MEIRA: GUÐSPJÖLLIN

Í Nýja testamentinu eru fjórar sérstakar bækur sem nefnast Guðspjöllin, sem nokkrir lærisveina Jesú rituðu. Guðspjöllin segja frá lífi Jesú á jörðunni. Sagan um lækningu hins líkþráa er í þremur Guðspjallanna. Hún er í Markús 1:40–42 og líka í Matteus 8:2–4 og Lúkas 5:12–14.

ÁBENDING TENGD RITNINGUNUM: ORÐALEIT

Í Markús 1:41 eru orðin *kenndi í brjósti um*, sem merkja *samúð*. Stundum koma fyrir orð í ritningunum sem þið ekki skiljið. Þegar þið finnið slíkt orð, getið þið notað Leiðarvísir að ritningunum til að hjálpa ykkur! Þið getið til dæmis fundið orðið „samúð“ og lesið um merkingu þess og fundið fleiri ritningargreinar þar sem orðið kemur fyrir. Hvaða fleiri orð getið þið fundið í sögunni um Jesú að lækna líkþráa manninn?

Jesús læknar sjúka

Mark 1:40–42; Lúk 4:38–40



Mannþröng

Límið þessa síðu á stífan pappír eða pappaspjald. Klippið síðan út persónurnar og festið þær á prik eða pappírspoka. Notið þær til að leika sögur í Nýja testamentinu.

Þið getið prentað út fleiri eintök á liahona.lds.org.



Jesús Kristur



Líkþrár




Tengdamóðir Péturs



Öldungur
Claudio D. Zivic
af hinum Sjötíu

Hinn RÉTTI vegur



„Heyrið orð þess Guðs, sem gjörði yður“ (K&S 43:23).

Fyrir mörgum árum fór ég með fjölskylduna í Arches Þjóðgarðinn í Utah, Bandaríkjunum. Einn af fall-egustu og frægustu bogunum þar er nefndur Fíngerði boginn og við ákváðum að klífa fjallið til þess að komast að boganum.

Við hófum gönguna af miklum eldmóð en eftir stutta stund þurftu hin að hvílast. Ég ákvað að halda áfram ein-samall því mig langaði svo mikið að komast á leiðarenda. Ég fylgdi manni sem virtist vita hvert hann væri að fara, án þess að gefa stígnum sem ég átti að fara nokkurn gaum.

Stígurinn varð smám saman erfiðari yfirferðar. Ég var viss um að fjölskylda mín hefði ekki getað farið eftir stígnum. Skyndilega sá ég Fíngerða bogann en mér til

mikillar undrunar komst ég ekki að honum. Stígurinn sem ég hafði farið lá ekki að boganum.

Ég varð fyrir miklum vonbrigðum og hélt tilbaka. Ég beið óþolinmóður eftir að hitta hópinn minn aftur. Þau útskýrðu að þau hefðu vandlega fylgt merkjunum sem vörðuðu leiðina og hefðu komist að Fíngerða boganum. Því miður hafði ég farið ranga leið. Ég lærði mikla lexíu þennan dag!

Missið ekki sjónar af veginum sem liggur til eilífs lífs með föður ykkar á himnum. Fylgið þeim reglum og boðorðum fagnaðarerindisins sem þið lærið og verið á hinum rétta vegi til að fá dvalið eilíflega hjá honum. ■

Úr „Förum ekki ranga leið,“ Ráðstefnuræða, apríl 2014.

Ég veit að Jesús mig elskar

Jane McBride Choate





Byggt á sannri sögu

Laney reyndi mikið að sýna lotningu í kirkju. Hún var þreytt og fætunnir á stöðugu iði.



Eftir að sakramentið var yfirstaðið, opnaði hún bókina sína um Jesú. Hún sá mynd af Jesú með litlu börnunum. Við það varð hún friðsæl og glöð hið innra.

Söguframhald er á bls. 79.



1-Klippíð



8

*Ég veit að frelsarinn mig elskar
Tami Jeppson Creamer og Derena Bell*



Bókin mín um JESÚ

1

2-Brjótíð

5

*Ég settist ei í kjöltu Jesú,
en veit að hann er til.*



3-Brjótíð

4

*Hann mig elskar líka,
eins og börnin þar.*



4-Klippíð




2 **Á fögrum stað fyrir löngu,
um Jesús börnin flyktust.**



7 **Ég honum helga mitt hjarta.
Ég veit að frelsarinn mig elskar.**

3 **Hann blessaði og kenndi, er fundu þau hans
elsku. Þau sáu öll tár á hans vanga.**



6 **Ég veit að hann lifir! Ég honum fylgi í trú.**





Eftir sakramentissamkomuna spurði Laney mömmu sína:
„Afhverju er auðveldara að sýna lotningu þegar ég skoða bókina um Jesú?“

„Kannski er það af því að hún minnir þig á hversu heitt Jesús elskar þig,“ sagði mamma hennar.

Laney jánkaði því.
„Heldurðu að Jesús viti að ég elska hann líka?“ spurði hún.

Mamma hennar faðmaði hana að sér. „Já, auðvitað veit hann það.“ ■



Höfundur býr í Kólórado, Bandaríkjunum.

Í þessum mánuði eru 100 ár frá því að Æðsta forsætisráðið hvatti fyrst meðlimi til að hafa fjölskyldukvöld. Hér á eftir er útdráttur úr bréfi frá Æðsta forsætisráðinu um innleiðingu fjölskyldukvölds. Það var gefið út í apríl 1915 og birt í tímaritinu Improvement Era í júní 1915 (bls. 733–34). Málfar og stafsetning hafa verið færð í nútímahorf.

Kæru bræður og systur:
Við hvetjum Síðari daga heilaga til að virða betur boðorðið sem Drottinn gaf í 68. kafla Kenningar og sáttmála.

„Og enn fremur, að því leyti sem foreldrar, er eiga börn í Síon eða einhverri skipulagðri stíku hennar, kenna þeim ekki, þegar þau eru átta ára að aldri, að skilja kenninguna um iðrun, trú á Krist, son hins lifanda Guðs, og um skírn og gjöf heilags anda með handayfirlagningu, fellur syndin á höfuð foreldranna. . . .

Og þeir skulu einnig kenna börnum sínum að biðja og ganga grandvör frammi fyrir Drottni“ [sjá K&S 68:25–28].

Börn í Síon ættu líka að virða betur boðorð Drottins, sem gefið var Ísrael til forna og ítrekað hefur verið við Síðari daga heilaga:

„Heiðra föður þinn og móður þína, svo að þú verðir langlífur í því landi, sem Drottinn Guð þinn gefur þér“ [2. Mós 20:12].

Þessar opinberanir hafa mikið gildi fyrir Síðari daga heilaga og sú krafa er gerð til fedra og mæðra í þessari kirkju, að þessi boðorð verði kennd og tileinkuð á heimili þeirra.

Í þessum tilgangi hvetjum við til þess að „fjölskyldukvöldum“ verði komið á í kirkjunni, þar sem faðir og móðir koma saman á heimilinu með sonum sínum og dætrum, til að kenna þeim orð Drottins. Þannig geta þau betur kynnst kröfum og þörfum

fara í leiki. Hafa mætti léttar veitingar sem tilreiddar eru á heimilinu fyrir slíkt tilefni.

Forðast ætti formlegheit og stíðleika í lengstu lög og allir í fjölskyldunni ættu að vera þátttakendur í því sem fram fer.

Þessar samkomur munu styrkja bönd foreldra og barna og systkina, sem og vera vettvangur foreldra til að aðvara börn sín, veita þeim leiðsögn og handleiðslu. Þau munu gefa börnum kost á að heiðra föður sinn og móður og sýna þakklæti fyrir blessanir heimilisins, svo að loforð Drottins þeim til handa megi bókstaflega uppfyllast og þau verði langlíf og hamingjusöm. . . .

Við . . . hvetjum unga fólki til að vera heima við á þessu kvöldi og beina kröftum sínum að því að gera það uppbyggilegt, lærdómsríkt og áhugavert.

Við lofum hinum heilögu dásamlegum blessunum, ef þeir hlíta þessari leiðsögn. Kærleikur á heimilinu og hlýðni við foreldra munu aukast. Trú mun þroskast í hjörtum ungdóms Ísraels, og hann mun fá kraft til að berjast við ill áhrif og freistingar sem á sækja.

Ykkar bræður,
JOSEPH F. SMITH
ANTHON H. LUND
CHARLES W. PENROSE
Æðsta forsætisráðið ■

Fjölskyldukvöld Í 100 ÁR



barna sinna og þekkt betur reglur fagnaðarerindis Jesú Krists, ásamt börnum sínum. Fjölskyldukvöld þessi ættu að helgast af bæn, sálmásöng og söngvum, hljóðfæraleik, ritningarlestri, fjölskyldumálum og sérstakri fræðslu um reglur fagnaðarerindisins og siðferðisvanda lífsins, sem og ábyrgð barna og skyldur við foreldra, heimilið, kirkjuna, samfélagið og þjóðina. Fyrir yngri börnin gæti verið viðeigandi að syngja, segja sögur og

INNSÝN



Hvernig get ég haft fjölskylduvöld í fyrirrúmi?

„Á sama tíma og þið vinnið að því að styrkja fjölskyldu ykkar og rækta frið, munið þá að þriðja verkfærið er vikuleg fjölskylduvöld. Varið ykkur á því að gera fjölskylduvöldið ekki að bakþanka eftir annasaman dag. Ákveðið að á mánudagskvöldum sé fjölskylda ykkar heima, saman. Ekki láta kröfur vinnunnar, íþróttar, tómstundaiðkana, heimanáms eða nokkurs annað verða mikilvægari en sá tími sem þið eigið saman heima með fjölskyldu ykkar. Framsetning kvöldsins er ekki eins mikilvæg og sá tími sem settur er í verkið. Kenna ætti fagnaðarerið á bæði formlegan og óformlegan máta. Sjáið til þess að þetta verði þýðingarmikil reynsla fyrir hvern fjölskyldumeðlim.“

Einnig í þessu blaði

FYRIR UNGT FÓLK

SÆKJA FRAM Í **trú**

Þessir fjórar ábendingar úr lífi Nefí geta hjálpað ykkur að vera öruggari við taka ákvarðanir.



bls.
44

FYRIR UNGLINGA



bls.
50

ÁHRIF **JOSEPHS**

Hvaða áhrif hefur spámaðurinn Joseph Smith haft á líf ykkar? Íhugið þessa sex þætti.

FYRIR BÖRN

ÉG VEIT AÐ JESÚS MIG ELSKAR

Búið til eigin bækling til að hjálpa ykkur að sýna lotningu í kirkju.



bls.
76



KIRKJA
JESÚ KRISTS
HINNA
SÍÐARI DAGA HEILÖGU